Táraðist við að fá loks að rokka

Lífið ➤ 18

Flökkukisan Púka flaug heim

Lífið ➤ 16

FASTEIGNASALAN TORG

FRÉTTABLAÐIÐ

195. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR | frettabladid.is | ÞRIÐJUDAGUR 5. OKTÓBER 2021

Skriður hafa fallið úr fjöllunum Kinn og Útkinn við Skjálfandafljót á Norðausturlandi síðustu daga. Íbúi á svæðinu segist alvanur því að verða vitni að skriðum úr fjallshlíðunum en aldrei hafa séð neitt þessu líkt. Þá segir veðurfræðingur regnið á svæðinu óvenjulegt að því leyti hvað rignt hafi lengi í sömu vindátt á þessum árstíma. SJÁ SÍÐU 4

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Uppsögn trúnaðarkonu Icelandair marki dimman atvinnusögukafla

Uppsögn trúnaðarmanns í hlaðdeild Icelandair var rædd á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins. Fyrirtækið hefur orðið margsaga um ástæðu uppsagnarinnar.

bth@frettabladid.is

VINNURÉTTUR Ólöfu Helgu Adolfsdóttur, trúnaðarmanni í hlaðdeild Icelandair á Reykjavíkurflugvelli, einu fastráðnu hlaðkonu félagsins á vellinum, var í ágúst síðastliðnum sagt upp störfum á sama tíma og hún var í viðræðum við fyrirtækið um réttindamál starfsfólks.

Að sögn Ólafar og stéttarfélags hennar hefur Icelandair orðið margsaga um ástæður uppsagnar. Fyrst borið við trúnaðarbresti, síðan samstarfsörðugleikum og einnig haldið því fram að félagið hafi ekki vitað að hún var trúnaðarmaður.

„Það var komið upp ósætti, meðal annars vegna kröfu yfirmanna um aukin verkefni okkar hlaðmanna," segir Ólöf. Hún nefnir breytingar á vinnutíma og álag tengt flutningum á hreyfihömluðu fólki sem dæmi. „Þetta var mikið sjokk. Ég hef ekki verið rekin áður."

Hlaðmönnum hefur fækkað ört á vellinum síðari ár og vinnuaðstæður verkafólks orðið æ verri að sögn samstarfsmanns Ólafar. Efling

Ólöf Helga Adolfsdóttir, hlaðkona

segir málið opna nýjan og dimman kafla í sögu atvinnulífs hér á landi.

„Sérstaklega í ljósi þess að uppsögnin og atlagan að verkafólki á plani er studd með ráðum og dáð af Samtökum atvinnulífsins," segir Viðar Þorsteinsson hjá Eflingu. Með því vísar hann í að SA hafi á fundum stutt Icelandair dyggilega í uppsögn Ólafar. Framkvæmdastjóri SA hafi lýst stuðningi við uppsögnina.

Málið var rætt á fundi miðstjórnar ASÍ. Óleyfilegt er að segja trúnaðarmönnum upp störfum vegna réttindabaráttu þeirra. Ef málefnalegar ástæður eru fyrir uppsögn kann hún að vera lögleg. Efling fer fram á að uppsögnin verði dregin til baka og blæs í dag, ásamt samstarfsmönnum Ólafar, til átaks með opnun sérstakrar baráttuvefsíðu.

Yfirmaður Ólafar var sagður í fríi í gær og náðist ekki í hann.

Nánar á frettabladid.is

Gjaldþrot blasi við Sigurjóni

DÓMSMÁL Lögmenn tveggja fyrrverandi bankastjóra og erlendra tryggingafélaga krefjast tíu milljóna vegna máls sem fellt var niður.

Sigurður H. Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns Þ. Árnasonar, sagði hann eina bankamanninn á Íslandi sem dæmdur hefði verið til að greiða fyrrverandi vinnuveitanda sínum 200 milljónir króna. „Við honum blasir lítið annað en gjaldþrot," sagði lögmaðurinn. SJÁ SÍÐU 6

Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri

Huggulegheit
AMSTERDAM FRÁ 9.200 kr.
PLAY

Vilja minnisblöð um rannsóknir

adalheidur@frettabladid.is

KOSNINGAR Undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar Alþingis er að láta kanna fyrir sig hvaða rannsóknarheimildir hún hefur og hvort og hvaða upplýsingar hún getur fengið af gangi lögreglurannsóknar sem stendur yfir á talningu atkvæða í Norðvesturkjördæmi. Fyrsti fundur nefndarinnar var í gær. „Við erum að láta vinna fyrir okkur minnisblöð um þetta og lagalega umgjörð fyrir störf nefndarinnar," segir Birgir Ármannsson, formaður nefndarinnar.

Fyrsti fundur nefndarinnar var í gær.

Nefndarinnar bíður það verkefni að afla gagna og rannsaka kærumál sem þinginu berast sem getur krafist þess að ganga þurfi úr skugga um hvort meintir ágallar á framkvæmdinni séu það veigamiklir að þeir hafi áhrif á niðurstöður kosninganna. Lögreglan rannsaki hins vegar hvort eitthvað saknæmt hafi átt sér stað í framkvæmdinni. Þarna kunni að vera skörun á milli. Ekki liggi þó fyrir á þessari stundu hvaða upplýsingar nefndin muni geta fengið frá lögreglu en nefndin sé á einu máli um að gæta þess að spilla ekki fyrir lögreglurannsókninni. Nefndin hittist aftur á morgun. ■

Allt er Friðriki Ómari fært

Söngvarinn Friðrik Ómar varð fertugur í gær og fagnaði þeim mjög svo merkingarbæru tímamótum með stórtónleikum í Eldborgarsal Hörpu. Sjálfsagt lítið mál eftir að hafa fyllt fjórða tuginn að fylla í kjölfarið Hörpu og Hof á Akureyri um næstu helgi og þótt söngvarinn sé sjálfur orðlaus yfir þeim ósköpum öllum var hann í fantaformi þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit við á rennslinu síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Áhyggjur af geðheilbrigðisþjónustu

lovisa@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Eitt af hverjum sjö börnum og ungmennum í heiminum á aldrinum 10 til 19 ára er með greinda geðröskun. Árlega taka um 46 þúsund ungmenni í heiminum sitt eigið líf. Þetta kemur fram í stöðuskýrslu UNICEF, State of the World's Children 2021. Samkvæmt skýrslunni hefur faraldurinn gert slæmt ástand verra og ætla má að áhrifin gætu varað í mörg ár.

„Við, eins og fleiri, höfum miklar áhyggjur af stöðu geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna hér á landi. Það kom skýrt fram í kosningabaráttunni að flestir ráðamenn eru sammála um að geðheilbrigðismál eru eitt stærsta samfélagsmálið sem við glímum við í dag og að vandinn sé margþættur.

Á hverju ári taka um 46 þúsund ungmenni í heiminum eigið líf.

Nú er tækifæri til að setja markmið og tryggja fjármögnun fyrir málaflokkinn til næstu fjögurra ára," segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. UNICEF á Íslandi tekur undir alþjóðlegt ákall UNICEF og skorar á formenn stjórnmálaflokka að setja málefni barna í forgang í viðræðum um stjórnarsamstarf.

Nánar á frettabladid.is

Brynjar á biðlaunum leitar að nýjum tækifærum í lífinu

Brynjar Níelsson fór í vinaferð til Spánar að loknum kosningum. Hann efast um að snúa aftur í lögmennskuna enda er flækjustigið mikið með eiginkonu sem dómara við Landsrétt. Hann ætlar ekki að rjúka í neitt í fljótfærni og langar að prófa eitthvað nýtt.

helenaros@frettabladid.is

Brynjar Níelsson á spjalli við Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra skömmu eftir að úrslit lágu ljós fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

KOSNINGAR Ég er ekki búinn að taka neinar ákvarðanir um hvað verður um mig," segir þingmaðurinn fyrrverandi Brynjar Níelsson sem sat rólegur í flugstöðinni í Alicante á Spáni á heimleið þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Brynjar var í vikulöngu fríi með tólf vinum sínum og segir afar ólíklegt að hann snúi aftur í lögmennsku eftir átta ára hlé. „Ferðin var ákveðin fyrir kosningar, ég hef greinilega haft tilfinningu fyrir því hvernig þetta færi," segir Brynjar léttur en þeir félagar fóru til Spánar tveimur dögum eftir kjördag.

Brynjar datt út af þingi í nýliðnum kosningum og segir úrslitin ekki hafa komið sér á óvart í sjálfu sér. Aðspurður hvað taki við segir hann það ekki einfalda spurningu, hann hafi í raun ekki hugmynd um það. Brynjar segir marga búna að hafa samband við sig en hann ætlar að liggja undir feldi í einhverjar vikur og sjá hvað gerist.

„Ég verð á einhverjum biðlaunum í boði skattgreiðenda á meðan þannig að ég hef einhvern tíma til að hugsa," segir hann.

Brynjar er lögfræðingur að mennt en hefur eðlilega ekki starfað sem slíkur í átta ár eftir að hann var kosinn á þing. Einhverjar lögmannsstofur hafa borið víur í hann en það sé þó ekki auðhlaupið að því að koma til baka sem lögfræðingur eftir átta ára pásu.

Ég er spenntur að sjá hvort eitthvað spennandi býðst sem gæti verið eitthvað öðruvísi. Nú er ég bara á flugvellinum á heimleið, tiltölulega áhyggjulaus.

Brynjar Níelsson

„Svo eru það alltaf ákveðin óþægindi að vera í lögmennskunni þegar eiginkonan er dómari, það kallar á eitthvert vesen," segir Brynjar og ítrekar að honum þyki afar ólíklegt að hann fari þá leið. Eiginkona hans er Arnfríður Einarsdóttir landsréttardómari. „Ég hugsa að ég reyni að finna eitthvað alveg nýtt, eitthvað allt öðruvísi."

Brynjar segist ekki mikill draumóramaður þegar hann er spurður hvort hann eigi sér einhverja drauma varðandi nýjan starfsvettvang.

„Líf mitt hefur alltaf verið svolítið tilviljanakennt. Ég hef dottið í hin og þessi hlutverk. Ég er spenntur að sjá hvort eitthvað spennandi býðst sem gæti verið eitthvað öðruvísi. Nú er ég bara á flugvellinum á heimleið, tiltölulega áhyggjulaus alveg þangað til þetta símtal barst. Nú þarf ég að fara að hugsa," segir Brynjar og hlær.

Hann ætli þó ekki að rjúka í neitt eða fyllast einhverri taugaveiklun enda púlsinn búinn að vera rólegur í fríi í hitanum á Spáni. „Ég verð kannski stressaður ef ég verð ekki búinn að fá neitt eftir sex mánuði," segir Brynjar um leið og hann er kallaður út í vél. ■

TOYOTA RAV4 HYBRID

SPORTJEPPI FJÖLSKYLDUNNAR

Toyota RAV4 verð frá: 5.890.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 7.190.000 kr.
Toyota RAV4 Plug-in Hybrid verð frá: 8.550.000 kr.

TOYOTA TRYGGINGAR
vátryggt af TM

7 ÁRA ÁBYRGÐ
3 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Um 60 íbúar Grímseyjar taka þátt í kosningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Vilja leyfa hunda og ketti í Grímsey en án lausagöngu

birnadrofn@frettabladid.is

NORÐURLAND Á íbúafundi sem haldinn var í Grímsey síðasta sumar kom fram vilji íbúa til að breyta samþykktum um hunda- og kattahald í eynni. Á fundinum var lögð fram óformleg könnun meðal íbúa um hug til breytinga en allt hunda- og kattahald er bannað í eynni.

Karen Nótt Halldórsdóttir, formaður hverfisráðs Grímseyjar, segir að samþykkt hafi verið á fundi Bæjarráðs Akureyrar í síðustu viku að útbúa tillögur að spurningum til íbúa í Grímsey um hunda- og kattahald og leggja fyrir bæjarráð. Síðar verði kosið um áframhaldið.

„Þessi könnun, sem var lögð fyrir íbúa í sumar, var gerð til þess að athuga vilja fólks og hann var alveg skýr. Það voru miklu fleiri sem sögðu já en nei," segir Karen Nótt en bætir þó við að ekki hafi allir íbúar í eynni verið á fundinum. „Það voru margir í landi." ■

Spá skástu þróun aldurs hér á landi

kristinnhaukur@frettabladid.is

SAMFÉLAG Samkvæmt mannfjöldaspá Evrópusambandsins, ESB, verður hlutfall eldri borgara í Evrópu lægst hérlendis árið 2030. Í dag er aðeins Lúxemborg með lægra hlutfall eldri borgara.

Hækkandi meðalaldur og minnkandi fæðingartíðni er orðin umtalsvert vandamál í Evrópu. Staðan er verst í Ítalíu þar sem eldri borgarar eru um 36 prósent fólks á vinnualdri. Á Íslandi er hlutfallið eins og sakir standa rúmlega 21 prósent.

Samkvæmt spánni verður hlutfall aldraðra innan ESB orðið 57 prósent 2100. Hlutfallið verður verst í Póllandi, 63 prósent, en á Íslandi fer það í 49 prósent. Ísland verður eina landið undir 50 prósentum. ■

Stjórnarmyndun dragist fram yfir kærufrest

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Líklegt er að viðræðum stjórnarflokkanna um áframhaldandi samstarf ljúki ekki fyrr en eftir að kærufrestur til kjörbréfanefndar rennur út 29. október og þingið hefur kveðið upp úr um niðurstöður kosninganna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur þetta komið til tals í fleiri en einum þingflokki stjórnarflokkanna en ekki er talið fara vel á því að ný ríkisstjórn hafi verið mynduð áður en þingið tekur afstöðu til þess hvort kjörbréf þingmanna verði staðfest eða hvort kosið verði að nýju í Norðvesturkjördæmi.

> Stjórnarflokkarnir hafa rúman meirihluta eftir kosningarnar, samtals 37 þingmenn.

Þótt stjórnarflokkarnir hafi rúman meirihluta með 37 þingmenn gæti uppkosning í kjördæminu haft áhrif á þingstyrk flokkanna innan stjórnarinnar. Breyting á þingmannafjölda stjórnarflokkanna gæti haft veruleg áhrif á lokasprett stjórnarmyndunarviðræðna, hve mörg ráðuneyti hver flokkur fengi og hvaða þingmenn komi þar til greina í hvaða flokki fyrir sig.

Þannig telja heimildarmenn blaðsins innan Sjálfstæðisflokksins ekki ólíklegt að flokkurinn gæti bætt við sig í kjördæminu verði kosið að nýju og náð þriðja kjördæmakjörna þingmanninum inn, Teiti Birni Einarssyni, eða náð inn jöfnunarþingmanni, annað hvort Brynjari Níelssyni eða Arnari Þór Jónssyni. Flokkurinn gæti með þessu styrkt stöðu sína gagnvart hinum flokkunum í stjórnarmyndunarviðræðunum. ■

Skelfilegt að verða vitni að skriðum

Bóndi við Skjálfandafljót segir aurskriðurnar sem féllu á dögunum þær stærstu sem hann hafi séð. Veðurfræðingur segir regnið óvenjulegt miðað við árstíma.

benediktboas@frettabladid.is
ingunnlara@frettabladid.is

NÁTTÚRUVÁ Erfitt er að stimpla hlýnun jarðar sem orsök skriðufallanna fyrir norðan. Veðurstofan hefur fengið aukið fé frá ríkisvaldinu til að auka mælingar og fá fleira fólk til að vakta ofanflóð. Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur segir að margt útskýri skriðurnar.

„Það lagðist allt saman. Það var tiltölulega hlýtt og rigndi í hæstu fjallstoppa sem er frekar óvenjulegt miðað við árstíma, úrkoman virðist hafa komið ofan á snjó og krapa sem varð eftir í hlíðum eftir veðrið í síðustu viku. Sá snjór bráðnaði fljótt og jarðvegurinn hefur líklega mettast hratt. Þessi rigning fór ofan í það og við erum því miður ekki með úrkomumæla á þessum stað þar sem skriðurnar urðu þannig að ég veit ekki hversu óvenjuleg úrkoman var," segir hún.

Elín bætir við að það hafi verið tiltölulega óvenjulegt hvað rigndi lengi í sömu vindátt og svona hátt upp þótt fjöllin þar sem skriðurnar féllu séu ekki mjög há. Frekari rannsókna sé þörf til að segja til um hvers konar skriður er um að ræða en ekkert bendir til þess að þær séu sífreraskriður. Starfsmenn Veðurstofunnar séu að mæla og taka snið og rannsaka skriðurnar betur.

„Við förum varlega í að stimpla þennan atburð sem eitthvað sem gæti tengst loftslagsbreytingum en það má segja að atburðir sem þessir aukast með aukinni hlýnun," segir hún og fagnar því að ríkið ætli að setja meiri fjármuni í ofanflóðavarnir með mælingum og mannafla.

Aurskriður hafa fallið úr Kinn og Útkinn við Skjálfandafljót. Stærstu skriðurnar féllu við Björg á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Við höfum á síðustu áratugum séð eina og eina skriðu en ekkert í líkingu við þetta.
>
> Sigurður Ólafsson, bóndi á Sandi við Skjálfandafljót

„Við erum að setja meiri mannafla og fjármagn í skriðuvöktun og hættumat á skriðum á næstu árum," segir hún og bendir á að í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál sé talað um auknar skriður hér á landi.

„Þetta hefur verið frekar óvenjulegur dagur," segir Sigurður Ólafsson sem býr á bænum Sandi á austurbakka Skjálfandafljóts, beint á móti bænum Björgum þar sem stærstu skriðurnar féllu á dögunum.

Sigurður sér sárin í hlíðinni beint fyrir utan stofugluggann sinn og hefur heimili hans verið í miðpunkti hringiðunnar síðustu daga. Björgunarsveitir, sérsveit ríkislögreglustjóra og náttúruvársérfræðingar hafa verið við störf á túninu hjá Sigurði, sem hefur breyst í bílaplan björgunarsveitarinnar og þyrlupall Landhelgisgæslunnar.

„Sérsveitin var að fara," segir Sigurður yfirvegaður, eins og ekkert sé eðlilegra. Aðspurður um atburði síðustu daga segist hann aldrei hafa upplifað annað eins.

„Við höfum á síðustu áratugum séð eina og eina skriðu en ekkert í líkingu við þetta," segir hann. „Þetta er svakalegt."

Ekkert hafði rignt í sveitinni hjá Sigurði frá því í maí þar til úrhellið hófst nú um helgina. Túnin voru uppþornuð en nú hefur aldeilis bætt í tjörnina fyrir neðan bæinn og yfirborðið hækkað um eitt eða tvö fet á nokkrum dögum.

Íbúar í Kinn og Útkinn gátu í fyrsta sinn í gærmorgun séð skriðurnar í fjallshlíðinni eftir að stytti upp. Þá reyndist staðan verri en áður var talið og höfðu um tuttugu til þrjátíu skriður fallið á svæðinu. Til allrar lukku sluppu skepnur og hús og stoppuðu tvær skriður aðeins örfáum metrum fyrir ofan bæinn Björg annars vegar og Geirbjarnarstaði hins vegar.

Við bæina Nípá og Björg rennur aur og leðja saman úr hlíðinni á um tveggja kílómetra svæði. Svörtu sárin í hlíðinni skera sig greinilega úr í rauða og græna lynginu.

„Það er skelfilegt að verða vitni að þessu. Það er ekkert hægt að lýsa þessu öðruvísi." ■

2017-2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan
2016 2021 Framúrskarandi fyrirtæki
ERTU AÐ
BYGGJA
BREYTA
EÐA BÆTA
EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS
AF PARKETI, FLÍSUM & HURÐUM
GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG GOTT VERÐ
FÁÐU TILBOÐ OG GERÐU GÓÐ KAUP
Birgisson®
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

Sjókvíalax. MYND/ERLENDUR GÍSLASON

Enn drepast laxar í sjókvíaeldinu

gar@frettabladid.is

FISKELDI Lax heldur áfram að drepast í sjókvíum hér við land. Þetta má lesa úr upplýsingum í svokölluðu mælaborði fiskeldis á vef Matvælastofnunar.

Má áætla að 321 þúsund eldislaxar hafi drepist í kvíunum í ágúst. Var þá heildarfjöldi dauðra laxa kominn yfir tvær milljónir fiska á fyrstu átta mánuðum ársins. Þar af drápust ein milljón og 48 þúsund laxar yfir sumarmánuðina þrjá.

Þegar Fréttablaðið ræddi í júní við Gísla Jónsson, dýralækni fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun, um orsakir laxadauðans sagði hann enga eina skýringu á honum en nefndi óvenju mikið af kísilþörungum í sjónum í vor. „Aðalatriðið er að það séu engir smitsjúkdómar á ferðinni," sagði Gísli. ■

Vilja að allt verkið verði sett í útboð

arib@frettabladid.is

REYKJAVÍK Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram tillögu á fundi borgarstjórnar í dag um að allir verkþættir Stafrænnar umbreytingar verði boðnir út.

„Þegar verkkaupinn er sjálfur að gera hlutina þá er ekkert eftirlit. Fólki verður tíðrætt um nauðsyn þess að efla hugbúnaðargeirann. Eins og sakir standa er Reykjavíkurborg að yfirbjóða starfsfólk sem gæti starfað hjá sprotafyrirtækjum. Það er fráleitt að Reykjavíkurborg sé að breytast í kaupfélag sem verslar við sjálft sig," segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata og formaður nýsköpunarráðs, segir rangfærslur í gagnrýni minnihlutans. „Af þeim 3,2 milljörðum sem fara í verkefnið á þessu ári fara 2,7 milljarðar í útboð og innkaup. Af 10 milljörðum sem fara í stafræna umbreytingu á næstu þremur árum fara minnst 7,7 milljarðar í innkaup og útboð," segir hún. ■

Vilja mynda stefnuráð fyrir Sorpu og Strætó

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu ræða að koma á stefnuráði fyrir byggðasamlögin sem gæti hafið störf í október. Þar muni 20 fulltrúar eiga sæti, fimm frá Reykjavík og þrír frá öðrum sveitarfélögum. Borgarstjóri fari með formennsku í ráðinu ásamt stjórnarformanni Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, SSH.

> Stefnan er að byrja á Sorpu, síðan Strætó og sjá hvernig sú vinna gengur.
>
> Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

„Stefnan er að byrja á Sorpu, síðan Strætó og sjá hvernig sé vinna gengur áður en fleiri málaflokkar verða skoðaðir," segir Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH. Auk þeirra reka sveitarfélögin saman slökkvilið og skíðasvæði.

Páll segir ráðið veita möguleika á breiðari þátttöku eigendanna að stefnumótun. Hugsunin sé að minnihlutarnir fái sæti við borðið. Tillögur ráðsins fari inn á aðalfundi byggðasamlaganna til samþykktar.

„Þetta flækir mögulega ferlið en það er mikilvægt að hafa virka umræðu um stefnumótun í ákveðnum málaflokkum innan sveitarstjórnanna sem eru eigendurnir," segir Páll. Ýmis stór verkefni séu fram undan, bæði í úrgangsmálunum hjá Sorpu og hin nýja Borgarlína hjá Strætó. Vandræði Sorpu með Gas- og jarðgerðarstöðina GAJA sé ekki kveikjan að stofnun ráðsins. ■

Segir gjaldþrot blasa við fyrrverandi bankastjóra í kjölfar hrunsmálanna

Lögmaður gamla Landsbankans, LBI ehf., mótmælti í gær málskostnaðarkröfum lögmanna fyrrverandi bankastjóra og erlendra tryggingafélaga. Málskostnaðarkröfurnar voru settar fram eftir að LBI afréð að fella niður málsókn sína í ljósi niðurstöðu Landsréttar.

gar@frettabladid.is

Lögmenn mættu í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær og rökræddu verðlagningu framlags síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

DÓMSMÁL Lögmenn tveggja fyrrverandi bankastjóra gamla Landsbankans, LBI ehf., og erlendra tryggingafélaga kröfðust þess í gær að þeim yrðu dæmdar allt að tíu milljónir króna samtals vegna máls sem bankinn höfðaði gegn þeim en óskaði síðan eftir að yrði fellt niður.

Upphaflega stefndi slitastjórn Landsbankans bankastjórunum fyrrverandi og fjölmörgum tryggingafélögum, þar á meðal QBE Int Insurance Ltd. og QBE Corporate Limited, vegna starfsábyrgðartryggingar stjórnendanna og krafðist þess að greiddir yrði 40 milljarðar króna vegna skaða sem bankastjórarnir hefðu valdið bankanum í aðdraganda hrunsins 2008. Hluta málsins lauk með dómi Landsréttar er tryggingafélögin og Halldór J. Kristjánsson voru sýknuð af kröfu LBI ehf. Í ljósi þessa dóms óskaði LBI ehf. eftir því að þetta mál yrði fellt niður.

Sigurður H. Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns Þ. Árnasonar, sagði Sigurjón eina bankamanninn á Íslandi sem dæmdur hefði verið til að greiða fyrrverandi vinnuveitanda sínum 200 milljónir króna.

„Við honum blasir lítið annað en gjaldþrot," lýsti lögmaðurinn stöðu bankastjórans fyrrverandi.

> Þeir mættu taka út eitt núll.

Kristinn Bjarnason, lögmaður LBI ehf.

Sagði Sigurður að miðað við þá vinnu sem leggja hefði þurft í vegna þessa anga málsins væri eðilegt að Sigurjóni yrðu úrskurðaðar tvær til þrjár milljónir í kostnað sem slitastjórnin ætti að greiða. Hilmar Magnússon, lögmaður Halldórs, hafði uppi sams konar kröfu.

Kristinn Bjarnason, lögmaður Landsbankans, sagði þau skjöl sem tilheyrðu þessum hluta málsins að stærstum hluta hafa komið fram áður og dró í efa að lögmennirnir hefðu þurft að leggja í þá vinnu sem fjárkröfur þeirra endurspegluðu.

„Þeir mættu taka út eitt núll," sagði hann um kröfur lögmannanna.

Hildur Ýr Viðarsdóttir, lögmaður erlendu tryggingafélaganna, sagði 106 vinnustundir hafa farið í málið hjá þeim.

Meðal annars sagði Hildur Ýr að þurft hefði að skrifa greinargerð vegna kröfu sem þau settu fram um að málinu yrði vísað frá og að aukin vinna fælist í því að þurfa að þýða samskiptin fyrir hina erlendu aðila.

Sagði lögmaður LBI ehf. kröfu erlendu tryggingafélaganna vera yfir fjórar milljónir króna sem væri „ansi vel í lagt", eins og hann orðaði það.

Dómari mun úrskurða um málskostnaðinn innan tíðar. ■

LYFSALINN
BÍLAAPÓTEK
9-22
OPIÐ ALLA DAGA
Renndu við í lúguna
Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi
GLÆSIBÆR
Opið virka daga 8.30 - 18.00
URÐARHVARF
Opið virka daga 9.00 - 17.30
BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG
Opið alla daga 9.00 - 22.00

Lagersala

Síðasti dagur lagersölunnar er í dag, 5. október.

10% aukaafsláttur af öllum vörum.

Frí heimsending ef verslað er fyrir 15.000 kr. í vefverslun.

Fullorðnir

Nes jakki
~~18.000 kr.~~ 7.200 kr.

Ok léttur dúnjakki
~~44.000 kr.~~ 22.000 kr.

Kaldbakur GORE-TEX® Jakki
~~45.000 kr.~~ 24.750 kr.

Grettir bolur
~~7.900 kr.~~ 4.740 kr.

Vatnajökull Powerfill jakki
~~39.000 kr.~~ 23.400 kr.

Bylur ullarpeysa
~~32.000 kr.~~ 19.200 kr.

Hólar Anorakkur
~~35.000 kr.~~ 14.000 kr.

Grandi Neoshell® jakki
~~35.000 kr.~~ 14.000 kr.

66°N Húfukolla
~~3.900 kr.~~ 2.340 kr.

Snæfell mittistaska
~~6.900 kr.~~ 4.140 kr.

Bylur ullarvettlingar
~~7.900 kr.~~ 4.740 kr.

Grandi bakpoki
~~12.900 kr.~~ 5.160 kr.

Krakkar

Týr langerma bolur
~~5.500 kr.~~ 3.300 kr

Rán jakki
~~16.900 kr.~~ 10.140 kr.

Svanur Primaloft® galli
~~18.900 kr.~~ 11.340 kr.

Mímir regnjakki
~~5.500 kr.~~ 2.200 kr.

Lagersalan fer fram í vefverslun, á útsölumarkaði okkar í Faxafeni 12 og á Skipagötu 9, Akureyri.

Opnunartímar á lagersölu: Faxafen 12: mán - fös: 10:00 - 18:00.
Skipagata Akureyri: mán - fös: 10:00 - 18:00.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.
Hægt er að sækja pantanir úr vefverslun í Miðhraun 11, Garðabæ.

66north.is

Hlíðin var fögur

Björk Eiðsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Um helgina runnu stórar aurskriður í Suður-Þingeyjarsýslu og er, þegar þessi orð eru rituð, enn í gildi óvissustig vegna úrkomu og skriðuhættu á öllum Tröllaskaga auk þess sem hættustigi hefur verið lýst yfir á Seyðisfirði. Heldur dramatísk atburðarás fór í gang aðfaranótt sunnudags þegar fjölskylda var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar frá bænum Björgum í Útkinn, þar sem hlíðin féll niður beggja vegna við bæinn en alls voru tólf bæir rýmdir. Það var afdráttarlaust svarið sem Hlöðver Hlöðversson, bóndi á Björgum, gaf fréttastofu RÚV, aðspurður hvort þetta væri með verra vatnsveðri sem heimamenn hefðu vitað af á svæðinu. „Þetta er ekkert með verra. Þetta er ekki nálægt neinu sem hefur gerst í mínu lífi, í 60-70 ár. Ekkert sem nálgast þetta.“

Það er nú einmitt tilefni þessa pistils. Þetta er verra og ekki við öðru að búast en að enn muni það versna.

Nú þegar aðeins tvö ár eru í fyrsta mat á framvindu Parísarsáttmálans er ljóst að við erum langt frá settum markmiðum. Í stað þess að útblástur gróðurhúsalofttegunda minnki hefur hann haldið áfram að aukast og erum við órafjarri settum markmiðum um að halda hlýnun jarðar vel undir 2,0 gráðum. En samkvæmt nefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál mun meiri hlýnun hafa skelfilegar afleiðingar fyrir jarðarbúa, lífríki og vistkerfi jarðar.

Meðalhitastig jarðar hefur aldrei mælst hærra og undanfarin ár hefur hamfaraveður ofhitað Norður-Ameríku, Evrópu, Brasilíu og Ástralíu með tilheyrandi skógareldum. Jöklar halda áfram að hopa, sjávarmál hækkar, flóð og þurrkar geisa og dýrategundir deyja út. Það er í raun óskiljanlegt að umhverfismál skuli ekki vera það eina sem við tölum um!

Jóna Björg Hlöðversdóttir, bóndi á Björgum, var brött í sunnudagsfréttum RÚV og lét engan bilbug á sér finna þrátt fyrir áföll helgarinnar. Hún sagðist líta á framhaldið sem verkefni. „Stærsta verkefnið verður að græða fjallið upp aftur og ná því grænu og fallegu. Svo mokum við bara efninu af túnunum og ræktum þau upp á nýtt, og það var svo sem alltaf á planinu.“

Aðdáunarverð afstaða og það er augljóst að Jónu Björgu er ekki fisjað saman. Sjálf horfði ég á bóndann aðdáunaraugun en gat þó ekki hætt að hugsa: „Hvað ef þetta er það sem koma skal?“

Við nefnilega vitum það og höfum vitað það lengi að við getum ekki haldið áfram eins og hingað til. Það er verið að sýna okkur það svart á hvítu! ■

> Það er í raun óskiljanlegt að umhverfismál skuli ekki vera það eina sem við tölum um!

Halldór

Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Gott grín hjá Eddunni

Þriggja ára gamalt uppistand Ara Eldjárn, Pardon My Icelandic, var valið skemmtiþáttur ársins á Eddunni á sunnudag. Trúlega er þetta fyrsti Netflix-þátturinn sem fær Edduna en það kostar nokkra tugi þúsundkalla að tilnefna sjálfan sig. Hið gamla uppistand hafði til að mynda Heima með Helga, sem létti lífið í Covid-faraldrinum, og Vikuna með Gísla Marteini. Sigurlíkur Gísla hefðu trúlega orðið mun meiri hefði RÚV splæst í tilnefningu viðtalsins fræga við Sigmund Davíð frá 2014.

Rólegur, kúreki

Eddan var víðar í gömlu gríni en í kringum skemmtiþátt ársins. Helgi Seljan var að sjálfsögðu valinn sjónvarpsmaður ársins en hann birtist landsmönnum tvisvar, kannski þrisvar sinnum á nýliðnu ári. Hann hefur verið í fríi en þótti greinilega bera af. Ari Eldjárn var valinn upptöku- eða útsendingarstjórinn þrátt fyrir að standa á sviðinu en mesti brandari helgarinnar var að menningarþáttur þessa lands væri RAX Augnablik. Nokkurra mínútna þættir á Vísi og hét áður Sagan á bak við myndina í Sunnudagsblaði Morgunblaðsins. ■

Börn á biðlista

Valgerður Sigurðardótir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Haustið byrjaði með hvelli hér í Reykjavík, veðrið var ekkert að tvínóna við hlutina og minnti okkur á að stutt er í vetur og gaf okkur ískaldan forsmekk að honum.

Það sem kemur þó ekkert á óvart er að ekki gekk að manna allar lausar stöður á frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum hjá Reykjavíkurborg. Því fylgja haustinu ansi stór vandamál fyrir margar barnafjölskyldur í Reykjavík.

Samkvæmt síðustu tölum sem kynntar voru fyrir okkur á fundi Skóla- og frístundaráðs eru 888 börn á biðlista eftir plássi á frístundaheimili eða hafa aðeins komist að í hlutavistun. Þetta skapar gríðarlegan vanda og verða foreldrar að skutlast borgarhlutanna á milli til þess að redda málunum þangað til að börn þeirra fá þá vistun sem sótt var um. Á frístundaheimilunum og sértækum félagsmiðstöðvum á eftir að ráða í 68 stöður til þess að fullmanna.

Hvers vegna er þetta svona á hverju hausti? Það eru nokkur atriði sem auðvelt væri að laga strax og koma þannig í veg fyrir þessa löngu biðlista næsta haust. Hækkum laun starfsmanna á frístundaheimilum til jafns við laun starfsmanna í félagsmiðstöðvum þar sem stúdentspróf er metið til hækkunar á launum. Þessi einfalda aðgerð myndi hafa áhrif á mönnun frístundaheimila til batnaðar.

Annað sem má gera er að ráða frístundafræðinga í hundrað prósent störf þar sem þeir vinna í skólunum fyrir hádegi og á frístundaheimilinu eftir hádegi. Þeir eru þá brú á milli skóla og frístundar og þannig hægt að samþætta starfsemi skóla og frístundaheimila mun betur. Þannig getur starfsfólkið flakkað á milli skóla og frístundaheimila yfir vetrarmánuðina og starfað á frístundaheimilum yfir sumartímann og verið í hundrað prósent starfshlutfalli.

Þessi tvö atriði myndu breyta miklu og verða til þess að biðlistar næsta haust myndu verða styttri vegna þess að mun betur myndi ganga að manna frístundaheimili Reykjavíkurborgar. ■

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is*
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Blóðsunnudagur í Færeyjum



Ole Anton Bieltvedt
formaður Jarðarvina

Sunnudaginn 12. september ráku Færeyingar á annað þúsund höfrunga upp í Skálafjörð og meitluðu þar lífið úr 1.428 dýrum, með sveðjum og spjótum, þar til að allt flaut í blóði; dýr, menn, sjór og strönd.

Heiftarlegt og hörmulegt blóðbað, sem enginn raunverulegur tilgangur virðist hafa verið með og engin þörf á. Ekstra Bladet í Danmörku kallar þetta blóðæði. Allavega var þetta blóðsunnudagur á færeyska vísu.

Yfirleitt hefur manni fundist, að Færeyingar væru skikkanlegt fólk, rólegt, yfirvegað og mannlegt, gott fólk, en þegar kemur að dráps-venjum á ýmsum sjávardýrum, virðast þeir missa stjórn á sjálfum sér; tekur þá miskunnarleysi og, að því er virðist, blind grimmd völd.

Fyrir undirrituðum er eðlishneigð þeirra, sem að standa, ekki heil eða heilbrigð. Hvar er tilfinningin fyrir öðrum lifandi verum, spendýrum eins og við, hvar er mannúðin?

Er hér líka vitnað í reglubundið dráp Færeyinga á grindhvölum, sem eru reknir í torfum upp á strönd, þar sem krókstjaki er rekinn í loftholu dýranna, sem auðvitað er feikilega viðkvæmt líffæri, til að negla þau, og svo eru dýrin meitluð til dauða með spjótum og sveðjum.

Breytist þá blár litur víka og fjarða, og svartur litur stranda, í rauðan. Venjulegir menn geta vart skilið þetta atferli og þennan trylling siðmenntaðra manna, sem ættu svo að vera.

Nú væri það eitt, ef Færeyingar væru fátæk þjóð og sveltandi, þyrfti á drápi höfrunga og grindhvala að halda til að svelta ekki og komast af.

Því fer þó víðs fjarri. Færeyingar eru vel efnuð þjóð, og er velmegun þar mikil, þar kemur mikill fiskafli að landi, og skortir þar engan mat eða viðurværi, eftir því sem vitað er.

Á öldum áður mun þetta hafa verið öðruvísi, þá þurftu eyjamenn oft að fara í grindhvaladrápið til að komast af. Nú er þetta greinilega mest „sport og skemmtun“ Færeyinga.

Sögur fara af því, að gamalt grindhvalakjöt sé tekið úr frystum og því hent eða grafið í jörðu, til að rýma fyrir nýju, venjulegu sláturkjöti.

Þeim mun átakanlegra er þetta fjöldadráp – eða fjöldamorð – á 1.428 saklausum og varnarlausum höfrungum, þar sem höfrungar eru taldir með næmustu, gáfuðustu og þróuðustu lífverum hafsins. Eitt af undrum sköpunarverksins.

Þeir eru félagslyndir, fara yfirleitt saman í hópum, vinna saman við veiðar, sýna þar af sér mikla greind og mikla skipulagsgáfu, ef einn meiðist, slasast eða veikist, fær hann hjálp frá hinum í hópnum. Þróað og náið samfélag merkilegra lífvera, sem ekkert hafa sér til sakar unnið.

Leikgleði höfrunga er mikil og þekkt, og fylgja þeir oft eftir bátum og skipum og leika þar alls konar listir í kring, áhöfnum og öðrum, sem til sjá, til skemmtunar og gleði. Köfurum sýna þeir ekki bara forvitni og jákvæða athygli, heldur líka vinsemd og vinahót. Stundum góðlátlega stríðni.

Frumtegund höfrunga er oft kölluð hundfiskur, enda líkjast höfrungar hundum á margan hátt, að greind, hátterni og mannelsku. Grikkir til forna mátu höfrunginn svo mikils, að hann var talinn ímynd guðsins Appollos og heiðraður sem slíkur.

Mikil má skömm þeirra Færeyinga vera, sem að þessari tilgangslitlu og hryllilegu slátrun, á 1.428 saklausum og varnarlausum höfrungum, stóðu, líka er skömm þeirra annarra Færeyinga nokkur, sem stóðu álengdar, horfðu á og létu þetta gerast.

Dettur einhverjum í huga, að hægt sé að tengja svona þarflaust, illt framferði, svona hömlulausa grimmd, gagnvart saklausum og varnarlausum dýrum, við hefð, sem á rétt á sér, eða siðmenningu?

Fyrir undirrituðum hvílir nú dimmrauður skuggi yfir færeyskum eyjum og mannfólkinu þar, alla vega hluta þess.

Færeyska fánann ætti nú að draga í hálfa stöng alls staðar, þar sem velvild til dýra og virðing við náttúruna og lífríkið má sín nokkurs! ■

Persónuverndarlögin banna það – Eða hvað?

Oddur Þorri Viðarsson
lögfræðingur

Þann 25. maí 2018 kom ný reglugerð um persónuvernd einstaklinga (GDPR) til framkvæmda innan Evrópusambandsins og leysti af hólmi eldri tilskipun um sama efni. Í kjölfarið samþykkti Alþingi ný persónuverndarlög, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þann 27. júní 2018. Þessar lagabreytingar vöktu mikla eftirtekt og umtal hér á landi og þá helst auknar sektarheimildir vegna brota á lögunum. Mýmörg námskeið hafa verið haldin í tilefni af innleiðingu nýrra reglna, bæði fyrir opinbera starfsmenn og almennan vinnumarkað.

Vafalaust hefur vitund um tilvist persónuverndarreglna aukist undanfarin misseri. Þrátt fyrir umfangsmikla kynningu á gildissviði og efni reglnanna bendir reynsla mín af framkvæmd upplýsingamála hins vegar til þess að langflestir hafi í raun bara dregið þríþættan lærdóm af innleiðingarferlinu:

Það eru til reglur um persónuvernd. Reglurnar banna hitt og þetta í tengslum við persónuupplýsingar.

> **Afleiðing þessa er að persónuvernd, persónuverndarlög og GDPR-reglugerð ESB eru nú orðin að hálfgerðri grýlu í umræðu um ýmis samfélagsleg málefni.**

Það má alls ekki brjóta reglurnar því þá geta komið til sektargreiðslur.

Afleiðing þessa er að persónuvernd, persónuverndarlög og GDPR-reglugerð ESB eru orðin að hálfgerðri grýlu í umræðu um ýmis samfélagsleg málefni. Öfgakenndustu dæmin birtast þegar fólk heldur jafnvel að hinar nýju reglur feli í sér að alls ekki megi vinna með persónuupplýsingar á nokkurn hátt. Þannig hefur t.d. heyrst af því að starfsfólk grunnskóla hafi hætt að taka bekkjarmyndir af börnunum með vísan til persónuverndar. Þá er algengt að opinberar stofnanir telji sér ófært að veita aðgang að gögnum með vísan til persónuverndarreglna. Fæstir geta þó vísað til einhverra tiltekinna ákvæða í persónuverndarlögum sem raunverulega banna þessa hluti.

Staðreyndin er sú að persónuverndarlög gera beinlínis ráð fyrir því og heimila að unnið sé með persónuupplýsingar á ýmsan hátt. Lykilatriðin eru að til staðar sé heimild til að vinna með þær og að vinnslan eigi sér málefnalegan tilgang. Í langflestum tilvikum eru þessi atriði í góðu lagi. Við þurfum því að tileinka okkur gagnrýna hugsun þegar kemur að persónuvernd. Næst þegar einhver heldur því fram að eitthvað sé „bannað samkvæmt persónuverndarlögum“ er tilvalið að spyrja á móti: Hvaða ákvæði er það þá helst í lögunum sem bannar það? ■

Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð:

Kynningar- og fræðslustyrkir til félagasamtaka

Undir hatti samstarfs utanríkisráðuneytisins við íslensk félagsamtök í þróunarsamvinnu auglýsir ráðuneytið eftir umsóknum um styrki til kynningar- og fræðsluverkefna.

Hafa félagasamtök þín áhuga á að leggja sitt af mörkum til að ná heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna?

Hlutverk styrkjanna er að vekja athygli á þróunarsamvinnu og hvetja almenning til að taka þátt í þróunarverkefnum. Samstarf fólks og félaga á ólíkum sviðum stuðlar að árangursríku starfi og styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Verkefnin eiga að vera framkvæmd á Íslandi og hafa alþjóðlega þróunarsamvinnu og heimsmarkmiðin að leiðarljósi.

Til úthlutunar eru allt að 15 milljónir króna. Hámarksupphæð til einstakra verkefna er 3 milljónir króna.

Umsókn skal send til utanríkisráðuneytisins í gegnum Ísland.is. Umsókn verður meðal annars að lýsa með greinargóðum hætti markmiðum verkefnis, áætlun um framkvæmd, tíma og kostnað. Umsækjendum er bent á að reglur um styrkveitingar til félagasamtaka, verklagsreglur og upplýsingar um gögn umsóknar er að finna á www.utn.is/felagasamtok.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum umsóknarferli á ísland.is fyrir miðnætti **mánudaginn 1. nóvember 2021.**

Leiðbeiningar og upplýsingar varðandi umsóknir er að finna á www.utn.is/felagasamtok

Óskir um nánari upplýsingar og frekari fyrirspurnir skal senda á netfangið felagasamtok.styrkir@utn.is

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

Olga Ragnarsdóttir

Boðaþingi 22, áður til heimilis að Lækjarbrún, Hveragerði,

lést miðvikudaginn 15. september.
Útför fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Kristján G. Valdemarsson
Ragnheiður Þ. Kristjánsdóttir **Jóhann Þ. Jóhannsson**
Valdemar Ó. Kristjánsson **Linda Ann Diaz**
Helga Gréta Kristjánsdóttir **Kristinn Friðriksson**
Ragnar M. Kristjánsson **Jóhanna H. Guðjónsdóttir**
ömmu- og langömmubörn.

Elskulegur fósturfaðir okkar og bróðir,

Sigurður Ármann Sigurjónsson

Sólheimum 25,

lést mánudaginn 27. september.
Útför hans fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn 7. október kl. 15.

Prisana, Walnipha, Kristín Júlía, Aðalsteinn, Aðalheiður og fjölskyldur.

Þökkum af alhug hlýjar kveðjur og samhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Hauks Sigurðssonar

Sérstakar þakkir fær yndislegt starfsfólk HERU og Líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

Ásta Kjartansdóttir
Guðrún Gyða Hauksdóttir **Njáll Trausti Friðbertsson**
Sigurður Ingi Hauksson **Sigrún Eyþórsdóttir**
Þorleif Kristín Hauksdóttir **Árni Geir Ómarsson**
Kjartan Ingi Hauksson **Eva Rún B. Colmsdóttir**
börn, barnabörn og barnabarnabörn.

Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN
Allur arður af þjónustunni rennur til reksturs kirkjugarðanna

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
Sverrir Einarsson
Jóhanna Eiríksdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

Þetta gerðist 5. október 1991

Jóhannes Nordal ræsti fyrsta hverfilinn í Blöndu

hjorvaro@frettabladid.is

Blönduvirkjun er vatnsaflsvirkjun sem staðsett er í jökulánni Blöndu. Við Blönduvirkjun eru þrír 50 megavatta hverflar, samtals 150 megavött.

Við virkjunina varð til miðlunarlónið Blöndulón á húnvetnsku heiðunum og er það allt að 57 ferkílómetrar og hefur 400 gígalítra miðlunarrými. Heildarfallhæð er 287 metrar og meðalrennsli er 39 rúmmetrar á sekúndu.

Fyrst var því velt upp að virkja í Blöndu í kringum árið 1950 en á þeim tíma var byrjað að gera markvissar áætlanir um virkjun vatnsafls á Íslandi. Fóru fram umfangsmiklar rannsóknir til að finna hagkvæmustu leiðina til að virkja Blöndu.

Segja má að Blönduvirkjun sé fyrsta stórvirkjun Íslendinga sem er að öllu leyti íslensk hönnun. Framkvæmdir við virkjunina hófust árið 1984 og var miðað við að þeim yrði lokið árið 1988.



Virkjunarkostnaðurinn varð í heild 672 milljónir króna en hann var upphaflega áætlaður 540 milljónir króna. Við Blönduvirkjun unnu að jafnaði rúmlega hundrað manns frá stórum fyrirtækjum, Landsvirkjun, Hagvirki, Krafttaki og Metalna.

Blanda var stífluð við Reftjarnarbungu en önnur stífla var reist við upptök Kolkukvíslar nokkru vestar en hún rennur til Vatnsdalsár. Með þessum tveimur stíflum myndaðist miðlunarlónið.

Blönduvirkjun var frábrugðin öðrum virkjunum að því leyti að hún er neðanjarðarvirki. Ekkert orkuver af þessari stærðargráðu hafði til skamms tíma vélbúnað sinn að öllu leyti neðanjarðar. Stærsti stigi landsins var einnig settur upp en hann telur 1.100 tröppur.

Bæði vatnsaflsstöðvar og gufuaflsstöðvar nýta sér hringrás vatns. Í Blöndu renna fjölmargar vatnsmiklar lindár og dragár frá upptökum og til sjávar.

Blanda hefur verið vinsæl veiðiá alla sína tíð en þar má veiða lax. Eftir virkjun þykir betra að veiða þar en áður en áin var virkjað var hún svo gruggug að fiskurinn sá ekki beituna. Eftir að virkjað var er áin tærari og af þeim sökum er laxinn veiðanlegur á flugu. Áin er hentug til hefðbundinnar stangaveiði. ■

Ástkær sonur minn, stjúpsonur, stjúpfaðir, bróðir, tengdafaðir og afi,

Páll Magnússon

sálfræðingur, Bragagötu 36, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum þann 29. september, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 6. október kl. 15.00.
Jarðsett verður í Dalvíkurkirkjugarði föstudaginn 8. október kl. 15.00.

Magnús Pálsson **Frances Cowan**
Hlynur Sigursveinsson **Dagbjört Þórey Ævarsdóttir**
Elísabet Sigursveinsdóttir **Elías Þór Höskuldsson**
Bjarki Sigursveinsson
Tumi Magnússon **Ráðhildur Ingadóttir**
Pétur Magnússon
Guttormur Magnússon **Brit Sejersted Bødtker**
Anna Sigurveig Magnúsdóttir
Kolbeinn Jón Magnússon
og fjölskyldur.

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Valgeir Ingvarsson

garðyrkjumaður, Borgarheiði 41, Hveragerði,

lést 2. október á Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju, föstudaginn 8. október kl. 14.

Lilja Guðmundsdóttir **Símon Arnar Pálsson**
Guðrún Guðmundsdóttir **Össur Emil Friðgeirsson**
Björn Guðmundsson **Sigríður Magnúsdóttir**
afabörn og langafabörn.

Elsku vinur minn og bróðir okkar,

Gísli Jón Elíasson

Hlíðarvegi 45, Siglufirði,

lést á heimili sínu þann 28. september. Útför fer fram frá Siglufjarðarkirkju miðvikudaginn 6. október klukkan 11.00.

Anna Kristinsdóttir
systkini og fjölskyldur.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Gerður Gestsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 2. október síðastliðinn. Starfsfólki Grundar er þökkuð góð umönnun og umhyggja.
Útförin fer fram í kyrrþey.

Oddný, Gestur, Ragnar og aðrir aðstandendur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Soffía Heiðveig Friðriksdóttir

lést laugardaginn 26. september á Dvalarheimilinu Dalbæ á Dalvík.
Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 9. október kl. 13.30. Þeir sem vilja minnast hennar láti Dalbæ njóta þess.

Freygerður Sigurðardóttir
Gunnlaugur Sigurðsson
Svanfríður Sigurðardóttir
Friðrik Sigurðsson
og fjölskyldur.

Við þökkum af alhug hlýjar kveðjur, stuðning og samhug vegna fráfalls okkar ástkæru

Guðlaugar Rögnu Magnúsdóttur

Magnús Adrian Mellado
Kristrún Lea Kristjánsdóttir
Þórunn Kristín Sigurðardóttir **Magnús Hauksson**
Gunnar Árni Magnússon **Signý Sigurmonsdóttir**
Sigurður Leó Magnússon **Guðbjörg Sigurpálsdóttir**
Kristinn Ægir Magnússon **Anna Dóra Ólafsdóttir**
Kristján Birgisson (Danni)

Jóhannes Helgason

Hvammi 2, Hrunamannahreppi,

lést þriðjudaginn 28. september. Hann verður jarðsunginn frá Hrunakirkju föstudaginn 8. október kl. 13.00. Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðu Hrunaprestakalls.

Kristín Karlsdóttir
Karl Jóhannesson **Barbro Vestrin**
Unnur Jóhannesdóttir **Paul Hansen**
Helgi Jóhannesson **Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir**
Daði Jóhannesson **Victoria Nyaga**
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,

Robert Jacob Kluvers

Hófgerði 17, Kópavogi,

lést á heimili sínu 24. september. Útför verður föstudaginn 8. október klukkan 14 í Safnaðarheimilinu Borgum við Kópavogskirkju.

Rannveig J. Jónasdóttir
Helga Elín Robertsdóttir Kluvers
Katla Rut Robertsdóttir Kluvers

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 5. október 2021

Squid Game nýtur mikilla vinsælda. MYND/IMDB.COM

Ekta símanúmer í Squid Game

oddurfreyr@frettabladid.is

Framleiðendur suðurkóresku spennuþáttanna Squid Game gerðu klaufaleg mistök þegar þeir birtu raunverulegt símanúmer í fyrsta þætti sjónvarpsþáttaraðarinnar, sem er streymt á Netflix.

Samkvæmt yfirlýsingu frá streymisveitunni er hún að vinna að því að laga þessi mistök í samstarfi við framleiðendur þáttanna, Siren Pictures Inc., með því að klippa atriði með símanúmerum upp á nýtt.

Símanúmerið sést á nafnspjaldi sem persónan Seong Gi-Hun fær frá dularfullum manni í svörtum jakkafötum á lestarstöð.

Síminn stoppar ekki

Eigandi símanúmersins er maður frá Gyeonggi-héraði í Suður-Kóreu og í samtali við suðurkóreska miðilinn Money Today segist hann hafa fengið endalaus símtöl og skilaboð.

„Þetta er orðið þannig að fólk er að hafa samband dag og nótt af einskærri forvitni. Þetta tæmir rafhlöðuna í símanum mínum og hann drepur á sér," segir hann. „Fyrst vissi ég ekki af hverju, en svo sagði vinur minn mér að númerið mitt hafi birst í þáttunum."

Squid Game hefur slegið í gegn á Netflix, en hann var frumsýndur 17. september og eru þættirnir orðnir einhverjir þeir vinsælustu í sögu streymisveitunnar.

Þættirnir gerast í dystópískum veruleika þar sem dularfullt fyrirtæki ræður fólk sem hefur miklar skuldir og fær það til að keppa í barnalegum leikjum til að vinna stóra upphæð, en þeir sem tapa leikjunum tapa lífinu. ■

Kristjana Björk hefur brennandi áhuga á handavinnu og lærði gamlar aðferðir í Finnlandi sem hún vill kenna öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Blæs lífi í gamlar handverksaðferðir

Kristjana Björk Traustadóttir hefur brennandi áhuga á handavinnu og gömlum handverksaðferðum. Hún deilir þeim áhuga sínum með öðrum á síðunni hringlandi.is en einnig stefnir hún að því að halda námskeið til að kenna fleirum næstum gleymdar aðferðir. 2

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun
@frettabladid.is

Kristjana segir að handverksáhuginn hafi kviknað um sama leyti og hún hóf kennaranám fyrir ellefu árum.

„Ég tók þrjú kjörsvið í grunnnáminu, sem er mjög lýsandi fyrir mig. Ég gat ekki valið," segir Kristjana sem valdi bæði smíði, myndmennt og textíl sem kjörsvið.

„En svo þarf að velja eitt kjörsvið fyrir meistaranámið og þá valdi ég textílinn. Ég fór til Finnlands og tók einn vetur af náminu í Háskólanum í Helsinki. Þar byrjaði áhugi minn á gömlu aðferðunum. Ég lærði helling af handverksaðferðum þar. Bæði í skólanum og ég eignaðist líka góðar handavinnuvinkonur þar sem kenndu mér margt, eins og til dæmis orkeringu. Það var ekki planið í upphafi að læra þessar gömlu aðferðir og einblína á þær. Ég lærði þær bara óvart, ég hafði aldrei heyrt um þessar aðferðir áður en ég fór út," útskýrir hún.

Orkering og vattarsaumur

Kristjana hefur mikið unnið í orkeringu frá því hún kom heim frá Finnlandi og líka í vattarsaumi.

„Orkering er hnýtingaaðferð. Hún er oft notuð til að hnýta blúndur til dæmis á þjóðbúningnum okkar. Orkeraðar blúndur hafa verið notaðar til að skreyta ermar á peysufötum og hálsmál á skautbúningum. Orkering er líka notuð til að búa til litla dúka og skartgripi," útskýrir Kristjana.

„Sumir telja að orkering hafi komið út frá macrame, sem er önnur gömul og vinsæl hnýtingaaðferð, en orkering er öðruvísi og minni."

Kristjana útskýrir að vattarsaumur sé eldri en prjón. Hann hafi verið mikið notaður á Íslandi á víkingaöld en dottið upp fyrir þegar prjónið kom til landsins. Hún telur að helsta ástæðan sé að prjónið sé fljótlegra.

„Flík úr vattarsaumi lítur í fljótu bragði út eins og hún sé hekluð. Vattarsaumaðar flíkur eru yfirleitt þéttar í sér, endingargóðar og slitsterkar en hafa ekki sama teygjanleika og prjón. Í vattarsaumi er notuð stór nál með stóru nálarauga. Nálarnar eru ýmist gerðar úr beini, horni, tré eða málmi. Nálinni er brugðið í gegnum lykkjur sem fyrir eru svo ekki er auðvelt að rekja sauminn upp," segir hún.

„Orðið vattarsaumur kemur frá orðinu vöttur sem er gamalt orð yfir vettlinga. En orðið sjálft er bara frá árinu 1950, þetta var það gleymt að það var ekki einu sinni til orð yfir þetta. Það fannst gamall vettlingur, eða vöttur, við uppgröft og þá var orðið búið til. Það var Kristján Eldjárn sem bjó það til."

Handavinnuáhugi Kristjönu kviknaði um svipað leyti og hún hóf kennaranám. Hún valdi textíl sem sérsvið í meistaranáminu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vattarsaumur og orkering eru ekki sér íslenskar aðferðir heldur hafa þær verið notaðar í gegnum aldirnar víða um heim.

„Það er ekki vitað með vissu hvaðan þær koma. Sumir tala um að orkering komi frá klaustrum á Ítalíu. Það eru ýmsar kenningar á lofti, en vattarsaumurinn var mikið notaður á Norðurlöndum. Ef þú ferð á víkingahátíð eða horfir á víkingamyndir þá er mjög líklegt að þú spottir eitthvað vattarsaumað," segir Kristjana.

Áhugi á öllu viðkomandi þræði

Þessa dagana er Kristjana í fæðingarorlofi en hún stefnir að því að halda námskeið í hekli, vattarsaumi og orkeringu fyrir byrjendur að því loknu.

„Áhugi minn á handavinnu hófst með heklinu en hinar aðferðirnar bættust við seinna. Áhugi minn liggur í raun hjá öllu sem kemur að einhvers konar þræði, bandi eða snæri en heklið hefur verið það sem ég hef gert mest af. Ég er til dæmis mikil áhugakona um körfuhekl. Það sem er svo gott við körfur er að þær þurfa ekkert að passa á einn eða neinn og það þarf bara að hekla eina körfu, ekki tvær eins. Það er líka hægt að leika sér svo mikið með formið og liti á körfunum. Það þarf líka að geyma allt þetta garn og hannyrðadót einhvers staðar og þá er sniðugt að nota körfurnar fyrir það," segir Kristjana sem á fjöldann allan af hekluðum körfum í fallegum björtum litum.

„Mig langar að byrja að kenna hekl en svo langar mig mikið til að fólk viti af þessum gömlu aðferðum og ég er spennt að kenna fólki sem hefur áhuga á að læra þær," segir hún.

Kristjana hefur opnað vefsíðuna hringlandi.is þar sem hún selur handavinnuvörur og deilir ýmsum fróðleik.

„Ég hugsa um Hringlandi sem konsept. Konseptið er að halda þessum gömlu handverksaðferðum á lofti. Ég er að leggja mig fram um að þær gleymist ekki. En Hringlandi er líka vefverslun þar sem hægt er að kaupa allt sem þarf í orkeringu og vattarsaum. Bæði garn, nálar og skyttur. Það þarf svo sem ekkert ákveðið garn í vattarsaum en sumt er samt betra en annað. Ég hugsaði með mér að mig langaði að kynna þessar aðferðir fyrir fólki, hvort sem það kemur á námskeið til mín eða ekki. Þá vil ég að fólk hafi stað til að fara á til að kaupa það sem þarf í vinnuna. Í þessu tilfelli er það heimasíðan. Það er ekkert alltaf auðvelt að finna allt sem þarf í handavinnubúðunum," segir hún.

Orkering er gömul hnýtingaraðferð sem oft er notuð til að hnýta blúndur.

Vettlingur gerður með vattarsaumi. Vattarsaumur var algengur á víkingaöld.

Kristjana hefur gaman af að hekla alls kyns körfur. Þær nýtast vel sem geymsla undir handavinnudótið.

Kristjana heldur líka úti Instagram-síðunni Hringlandi þar sem henni finnst gaman að ræða ýmislegt handavinnutengt.

„Það er ég ekkert endilega að tala bara um þessar gömlu aðferðir. Ef ég sé eitthvað fallegt handgert eða ef ég hef gert eitthvað sniðugt sjálf, þá tala ég um það þar." ■

SÆBJÚGNAHYLKI +D3 FYRIR HEILSUNA

Arctic Star sæbjúgnahylki+D3 innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum og eru þekkt fyrir:

Arctic Star

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húð- próteins og insúlíns
- Stuðla að eðlilegri upptöku kalsíums og fosfórs
- Stuðla að viðhaldi beina, tanna og vöðva
- Stuðla að bættri starfsemi ónæmiskerfisins
- D-vítamín hefur hlutverki að gegna við frumuskiptingu.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA,
Framleiðandi er Arctic Star ehf.
Allar nánari upplýsingar fast á www.arcticstar.is
Arctic Star Sæbjúgnahylki +D3
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, og Fjarðakaup.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Bílablaðið

5. OKTÓBER 2021 FRÉTTABLAÐIÐ

Kia EV6 – Rós í hnappagat Kia

Samkeppni á milli rafdrifinna jepplinga fer nú ört vaxandi og nýjasta viðbótin er Kia EV6 sem væntanlegur er á markað innan skamms. Blaðamaður Bílablaðsins prófaði hann í Þýskalandi á dögunum. 4

MYND/BERNHARD KRISTINN

Toyota Yaris Cross kemur á markað á næstu vikum á Íslandi en bílnum var nýlega reynsluekið í Brussel. 6

Bronco-jeppinn gæti verið á leið til Evrópu í tengil-tvinnútgáfu en Brimborg skoðar nú innflutning beint frá Bandaríkjunum. 2

Genesis GV60 er systurbíll Kia EV6 og Ionic 5 en með meiri áherslu á lúxus. Þótt farið sé að selja merkið í Evrópu eru enn engar fréttir af sölu þess hérlendis. 5

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

MAX1 BÍLAVAKTIN · EXIDE TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

REKSTRARLAND · olís

Sala á Model Y er einnig mikil á Íslandi um þessar mundir en hann var langsöluhæstur í september með 272 eintök. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fjórir af hverjum fimm bílum rafdrifnir

Noregur er land sem státar af mestri sölu rafbíla í heiminum. Mikil sala á bílum frá Tesla hefur hjálpað til þess að fjórir af hverjum fimm nýjum bílum sem þar eru seldir eru nú rafbílar.

njall@frettabladid.is

Hreinir rafbílar voru 77,5% seldra bíla í september á þessu ári samkvæmt Samgöngustofu Noregs en hlutfallið var 61,5% á sama tíma í fyrra. Mest seldi bíllinn er Tesla Model Y með 19,8% allra seldra bíla. Í öðru sæti er Tesla Model 3 með 12,3% en langt fyrir aftan í þriðja sæti er Skoda Enyaq með 4,4%.

Þrátt fyrir að Noregur sé eitt af helstu olíuríkjum veraldar stefnir landið að því að hætta sölu á bílum með brunahreyflum strax árið 2025. Miklar vinsældir rafbíla eru ekki síst fyrir þá stefnu stjórnvalda að rukka engan skatt af sölu þeirra, en það gæti komið til með að breytast á næstunni.

Í Noregi er nú vinstristjórn sem hefur heitið því að setja 25% virðisaukaskatt á alla bíla sem kosta yfir 600.000 norskar krónur. Það jafngildir um það bil 9 milljónum íslenskra króna svo að báðir Teslabílarnir geta vel við unað en sumir lúxusbílar gætu orðið fyrir barðinu á þessum áætlunum. Tesla Model S og Model X eru þó yfir markinu og einnig margir bílar frá Porsche, Audi, Mercedes-Bens og BMW svo eitthvað sé nefnt. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvað slíkar áætlanir hafa í för með sér en flestir eru þó sammála um að þær gætu hægt á yfirtöku rafbílsins í Noregi. Framleiðendur gætu einnig brugðist við með verðlækkunum þar sem Noregur er mikilvægt markaðssvæði rafbíla. ■

Honda Civic Type R í felubúningi á Nurburgring

Honda Civic Type R er væntanlegur í nýrri útfærslu á næsta ári. Honda ætlar líka að koma með Integra-nafnið aftur á markað en aðeins í Kína eins og er.

njall@frettabladid.is

Honda hefur látið frá sér fyrstu opinberu myndirnar af næstu kynslóð Type R-bílsins. Á myndunum er bíllinn sýndur í felubúningi við prófanir á Nurburgring-brautinni í Þýskalandi og sýna þær lítils háttar breytingar á því róttæka útliti bílsins sem verið hefur við lýði síðan 2015. Bíllinn byggir samt sem áður á grunni elleftu kynslóðar Honda Civic-fjölskyldubílsins sem frumsýndur var í júní.

Að framan fær bíllinn díóðuaðalljós ásamt endurhönnuðu grilli og stuðara. Einnig virðast loftinntök að framan eitthvað breytt en felubúningurinn gerir sitt til að fela þær breytingar. Type R verður breiðari en hefðbundinn Civic og því eru hjólskálar hans breiðari, en sílsinn virðist einnig vera breiðari og með vindbrjót við afturhjólin. Afturendinn er breyttur og þá sérstaklega neðst þar sem kominn er stærri loftdreifir. Þrískipt púströrið heldur sér með breiðara röri í miðjunni, og komin er risastór vindskeið á skottlokið. Ekki er gert ráð fyrir að bíllinn fái neitt rafdrif í næstu kynslóð en Honda hefur þó ekki gefið það út ennþá.

Önnur fræg sportútgáfa Honda er Integra sem var á markaði sem tveggja dyra sportbíll frá 1985-2005. Honda er að setja nýja kynslóð Integra á markað en aðeins í Kína. Acura er lúxusmerki Honda og nýlega var Acura Integra kynntur í Bandaríkjunum sem byggir á nýjustu kynslóð Honda Civic. Í Kína er Honda-nafnið notað á bílinn þar sem Honda Civic er seldur þar í landi í samstarfi við Dongfeng. Þess vegna er ný Integra fjögurra dyra bíll en þó með sportlegra útliti en hefðbundinn Civic. Hann verður líka aðeins búinn beinskiptingu og líklega 180 hestafla 1,5 lítra vélinni úr Civic, sem seldur er í Kína með CVT-sjálfskiptingu. ■

Breytingarnar á nýjum Type R eru látlausar enda var útlit bílsins róttækt fyrir.

Honda Integra í Kína verður sportlegri útgáfa Honda Civic ef svo má segja.

» Að framan fær Type R díóðu-aðalljós ásamt endurhönnuðu grilli og stuðara. Einnig virðast loftinntök að framan eitthvað breytt.

Ford Bronco gæti komið til Evrópu

Brimborg vinnur að því að fá Bronco beint frá Bandaríkjunum.

njall@frettabladid.is

Samkvæmt forstjóra Ford, Jim Farley, gæti Ford Bronco verið á leið í sýningarsali í Evrópu. Lét hann hafa það eftir sér í viðtali við vefmiðilinn AutoExpress á Goodwood Revival bílahátíðinni. „Ég er bara að bíða eftir að Evrópudeildin ákveði sig," sagði Farley við það tækifæri. „Við sjáum hvað Defender er vinsæll hérna megin við hafið og því ætti Ford Bronco að virka vel hér líka."

Ford Bronco hefur verið rifinn út vestanhafs síðan hann kom á markað. Biðlistar ná langt fram á næsta ár, bæði fyrir tveggja og fjögurra dyra útgáfurnar. Hægt er að velja um 2,7 lítra sex strokka vél sem er 325 hestöfl og fjögurra strokka 296 hestafla 2,3 lítra EcoBoost-vél sem er líklegri kostur ef Bronco-jeppinn kemur til Evrópu.

Leið margra ameríska bíla inn á Evrópumarkað virðist vera að bjóða tengiltvinnútgáfur.

Ford hefur gefið vísbendingar í þá átt að rafdrifinn Bronco gæti verið á leiðinni. Styttra er þó í Raptor-útgáfu sem verður með 395 hestafla V6-vél undir húddinu. Komi Bronco til Evrópu er líklegt að það verði ekki fyrr en árið 2023. Að sögn Gísla Jóns Bjarnasonar, sölustjóra hjá Brimborg, er umboðið hérna heima að leggja sig fram við að fá Bronco til landsins. „Við erum að vinna í því að fá bíla beint frá Bandaríkjunum," sagði Gísli enn fremur. ■

Þótt prófunarbíllinn sé með yfirbyggingu núverandi kynslóðar má sjá ákveðnari framstuðara.

Skoda prófar nýja kynslóð Superb

njall@frettabladid.is

Nýlega náðust njósnamyndir af Skoda Superb við prófanir en þar virðist vera á ferðinni næsta kynslóð Superb með yfirbyggingu núverandi kynslóðar sem felubúnað. Fjórða kynslóð Superb verður frumsýnd árið 2023 ásamt arftaka Passat en báðir verða byggðir á sama MQB-undirvagninum.

Það að notast sé við yfirbyggingu núverandi bíls bendir til þess að stærðin muni breytast lítið og að sams konar vélbúnaður verði í boði áfram með áherslu á tengiltvinnútgáfur. Búast má við tveimur slíkum sem báðar nota 1,4 lítra bensínvélina, en sú aflminni er í kringum 200 hestöfl. Einnig verður í boði útfærsla með 242 hestöfl en sú útgáfa fær stærri rafhlöðu en þá 13 kWst sem nú er í boði ásamt meira drægi. Bann við brunahreyflum tekur gildi 2030 og mun svo enda líf þessarar kynslóðar og þess vegna vill Skoda leggja minni áherslu á breytingar fram að því. ■

Fagnaðu hausti

ID.4 GTX

Fjórhjóladrifinn fjölskyldubíll

Þú getur sérsniðið ID.4 GTX
að þínum óskum og pantað
draumabílinn á **www.hekla.is/gtx**

Bandalag íslenskra bílablaðamanna
Bíll ársins 2021

5 ára ábyrgð hjá Heklu

Fjórhjóladrifinn ID.4 GTX

Nýr ID.4 GTX er fullvaxinn, fjórhjóladrifinn rafmagnsbíll sem fær 5 stjörnur í árekstrarprófunum NCAP. Hann býr yfir 77 kWst rafhlöðu og drægni allt að 480 km. (WLTP). Hann er sneisafullur af áhugaverðum staðalbúnaði eins og þráðlausri farsímahleðslu, 20" álfelgum, varmadælu, árekstrarvöktun, akreinavara, lyklalausri ræsingu og fleiru. Tryggðu þér þitt eintak. **Komdu í reynsluakstur!**

World Car Awards

Leiðin að núllinu ZERO

Verð frá **7.150.000** kr.

Fylgdu okkur! @volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Kia EV6 GT Line

KOSTIR
- Fjöðrun
- Pláss

GALLAR
- Fjarlægð í upplýsingaskjá
- Ofvirkur akreinavari

Grunnverð: 7.190.777 kr.
Hestöfl: 325
Tog: 605 Nm
Upptak 0-100 km: 5,2 sek.

Hámarkshraði: 190 km/klst.
Drægi: 528 km
Rafhlaða: 77 kWst
L/B/H: 4.695/1.890/1.550 mm

Hjólhaf: 2.900 mm
Farangursrými: 490 lítrar
Dráttargeta: 1.600 kg

Rós í hnappagat Kia

Kia EV6 var nýlega kynntur fyrir blaðamönnum í Frankfurt í Þýskalandi. Þar fengu tveir íslenskir bílablaðamenn sótthreinsað eintak til afnota í heilan dag sem var vel notaður til að keyra um sveitavegi og hraðbrautir í bland.

Kia EV6 er fallegur bíll á alla kanta og upphækkuð ljósarönd rammar inn útlitið. MYNDIR/BERNHARD KRISTINN

Kia EV6 kemur inn á mikinn samkeppnismarkað rafdrifinna jepplinga um þessar mundir en fyrir eru bílar eins og VW ID.4, Tesla Model Y og nýkominn systurbíll EV6 sem er Ionic 5. Kia EV6 er byggður á sömu E-GMP botnplötu og Ionic 5 og deila þeir mörgu eins og rafmótorum og 800 volta rafkerfi. Samt er margt ólíkt með bílunum þegar betur er að gáð, en Ionic 5 er aðeins stærri með meira hjólhaf og stærra farangursrými. Á móti kemur að EV6 fær aðeins stærri rafhlöðu sem er 77,4 kWst. Við fengum vel búinn GT-Line S til prófunar í Frankfurt en sú útgáfa er fjórhjóladrifin og skilar 325 hestöflum.

Flottur frágangur

Þótt að við hefðum forframleiðslubíl til prófunar var nákvæmlega ekkert út á frágang bílsins að setja. Kia EV6 er fallega hannaður að innan og er miðjustokkur aðeins á milli sæta en kemur í fallegum boga upp að mælaborði bílsins án þess þó að snerta það. Mælaborðið er tiltölulega flatt og þegar búið er að stilla rafknúið sæti að sínum þörfum er frekar langt að teygja sig í upplýsingaskjá bílsins. Sætin eru þægileg þótt maður sitji frekar lágt miðað við gólfið og gaman er að aukafídus eins og hægindastólsstillingu, sem gott er að nota meðan verið er að hlaða bílinn. Með því að ýta á þann takka fer sætið aftur og leggur bakið langt aftur svo að ökumaður getur lagt sig á meðan. Plássið er best í bílnum í aftursætum þar sem fótarými er umtalsvert en einnig er það gott í farangursrými eða 490 lítrar.

Sérhönnuð fjöðrun

Bíllinn er þægilegur í akstri og mjúkur í Eco-stillingunni en breytir vel um ham í Sport-stillingunni. Hann verður þá mjög snöggur af stað eða um 5,2 sekúndur, en það sem er meira um vert er að hann er líka snöggur að auka hraðann hvar sem er á hraðasviðinu. Aðstoðarbúnaður eins og akreinavari virkar vel en þá togar bíllinn í stýrið, meira að segja fyrir beygjur fram undan. Þegar ekið var greitt var eins og bíllinn treysti ekki alveg ökumanninum og fann maður hvað bíllinn var stundum byrjaður að beygja áður en maður lagi sjálfur snöggt á stýrið. Kia lagði það á sig að þróa sérstaklega marga hluti fyrir þennan bíl er viðkoma akstursánægju ökumannsins. Til að mynda hefur ZF sem framleiðir íhluti í fjöðrunarbúnað þróað í samstarfi við Kia sérstakan ventlabúnað sem stýrir fjöðrunarkerfi bílsins. Ventillinn sér um að hleypa demparavökvanum fljótar til baka til að minnka endurkast á fjöðruninni undir álagi. Um leið virkar kerfið eins og eðlilegt er þegar minna álag er á því svo að bíllinn verður ekki of stífur undir heföbundnu álagi. Einnig voru hjólbarðar bílsins þróaðir sérstaklega til að gera hann hljóðlátari og óhætt er að segja að bíllinn er meira að segja hljóðlátur á hámarkshraða sínum sem eru 190 km á klst.

Það er gott pláss í framsætum bílsins og stjórnbúnaður innan seilingar fyrir utan snertiskjáinn hægra megin.

Meðal aukabúnaðar er þetta rafmagnstengi fyrir 220 volt sem stungið er beint í hleðslutengi bílsins.

> **Óhætt er að segja að bíllinn sé meira að segja hljóðlátur á hámarkshraða sínum sem er 190 km á klst.**

Akandi orkustöð

Eins og í mörgum nýjum rafbílum eru alltaf einhverjar nýjungar og er EV6 ekkert öðruvísi þar. Með bílnum fylgir sérstakur tengikubbur sem settur er í hraðtengi bílsins og er þá hægt að tengja bílinn við hvaða 220 volta raftæki sem er. Á meðan á reynsluakstrinum stóð stoppuðu margir til að skoða bílinn betur og meðal annars ungur Þjóðverji á Tesla Model 3. Hann var forvitinn um bílinn og búnað hans og sýndum við honum þetta og spurðum hvort við ættum ekki að hlaða bílinn hans. Við prófuðum að setja bílinn hans í samband við EV6 og það var eins og við manninn mælt, Teslan fór að hlaða sig. Þetta gæti bjargað mörgum rafbílnum frá að þurfa dýran flutning ef hann yrði rafmagnslaus því að auðvelt er á þennan hátt að hlaða nokkrum kílómetrum inn á bílinn til að hann komist á næstu hleðslustöð.

Tveir stórir upplýsingaskjáir eru allsráðandi í mælaborði EV6.

Gott verð á vel búnum bíl

Að bera saman verð bíla er ekki einfalt mál og skiptir máli að velja sambærilega bíla og einnig svipaðan búnað. Hérlendis eru sambærilegir bílar helst Ionic 5, Tesla Model Y og Mustang Mach-E og svo kannski VW ID.4 þar sem hann er kominn í GTX-útgáfu líka. Kia EV6 kostar frá 5.990.777 kr. en með fjórhjóladrifi frá 6.490.777 kr. en er þá með minni rafhlöðunni. Grunnverð fjórhjóladrifins EV6 með stærri rafhlöðunni er 7.150.777 kr. Tesla Model Y er aðeins fáanlegur með fjórhjóladrifi og er á 7.900.000 kr. Mustang Mach-E kostar frá 6.890.000 kr. en með fjórhjóladrifi frá 7.990.000 kr. Hyundai Ionic 5 byrjar í 5.990.000 kr. og með fjórhjóladrifi og stærri rafhlöðu er hann frá 6.990.000 kr. Loks er VW ID.4 frá 5.290.000 kr. en með fjórhjóladrifi frá 7.150.000 kr. Því má segja að verð Kia EV6 sé í góðu meðallagi því að um vel útbúinn bíl er að ræða, jafnvel í Style-útgáfunni. Má þar nefna árekstrarvara, fjarlægðarskynjara, hita í stýri, díóðuljós allan hringinn og rafdrifinn afturhlera. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

Fasteignablaðið

40. TBL. 5. OKTÓBER 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili
fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.

Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

Reykjavík
Snæfellsbæ
Höfn Hornafirði

VALHÖLL FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1995

588 4477
Síðumúla 27
www.valholl.is

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali, leigumiðlari
896 5222
ingolfur@valholl.is

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356
heidar@valholl.is

Hildur Harðardóttir
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali, skjalagerð.
897 1339
hildur@valholl.is

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
895 2115
snorri@valholl.is

Hólmfríður Björgvinsdóttir
Ritari
ritari@valholl.is
588 4477
holmfridur@valholl.is

Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali. BA í Stjórnmálafræði.
862 1110
hrafnhildur@valholl.is

Pétur SteinarJóhannsson
Aðstoðarm. fasteingasala Snæfellsnesi
893 4718
petur@valholl.is

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali Lista og innanhús stílisti
892 8778
anna@valholl.is

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083
sturla@valholl.is

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
695 8905
elin@valholl.is

Framúrskarandi fyrirtæki

Fagleg þjónusta
Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

BERG FASTEIGNASALA

Háholt 14, Mosfellsbær
• Sími: 588 5530 • berg@berg.is
• www.berg.is • GSM 897 0047

David Ólafsson
lögg. fasteignasali
david@berg.is
s. 766-6633

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
petur@berg.is
s. 897-0047

Traust þjónusta - mikil sala

Ertu að fara að selja?
eignfasteignasala.is
sími 477 2222

EIGN FASTEIGNASALA
Eign fasteignasala

Andres Pétur Rúnarsson
Löggiltur fasteignasali
í Félagi fasteignasala
Sími 772 0202

Jónas H. Jónasson
Aðstoðarmaður fasteignasala
Löggiltur eignaskiptayfirlýsandi
Sími 842 1520

Eign fasteignasala • Skipholti 50d • 105 Reykjavík

Haukshólar 3 er glæsilegt einbýlishús með óviðjafnanlegu útsýni yfir borgina, fjöllin og sundin blá. MYND/AÐSEND

Einbýli á frábærum stað í Breiðholti

Fold fasteignasala kynnir Haukshóla 3; fallegt og vel viðhaldið einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Efra-Breiðholti.

Húsið skiptist í bjarta og fallega efri hæð, með rúmgóðum stofum, fjórum herbergjum og tvöföldum bílskúr. Á neðri hæð er íbúð með sérinngangi og hægt að breyta neðri hæðinni í tvær íbúðir, báðar með sérinngangi.

Falleg aðkoma er að húsinu, stórt bílaplan og gróinn garður. Anddyrið er fyrir miðju hússins og inn af því er hol sem tengir allar vistarverur efri hæðar. Til vinstri er svefnherbergishlutinn, stofan er beint á móti anddyrinu og til hægri stigi niður, herbergi og eldhús. Fyrir framan svefnherbergin er setustofa eða fjölskyldurými. Þar inn af er rúmgott hornherbergi með fallegum horngluggum og útsýni til norðurs. Inni á lokuðum gangi er rúmgott hjónaherbergi með fataskáp og útgengi á vesturs-svalir, baðherbergi og herbergi.

Baðherbergið er upprunalegt, með fallegum rauðum flísum og mjög vel með farið. Herbergi er við hlið baðherbergis. Þessi þrjú rými eru á sér gangi sem hægt er að loka frá setustofunni.

Gestasnyrting og rúmgott herbergi er hægra megin við stigann. Í rúmgóðu, fallegu rými er stofa, borðstofa og eldhús. Þar eru stórir gluggar til norðurs og vesturs, og útgengi á norðvestur svalir.

Eldhúsið er upprunalegt en mjög vel með farið, með viðarinnréttingu og inn af eldhúsi er búr. Borðkrókurinn er bjartur með stórum gluggum og yndislegt að drekka morgunkaffið yfir óviðjafnanlegu útsýni. Tengt efri hæð er þvottahús á neðri hæð, þar er útgengi, hol, geymslur, stórt herbergi, gufubað og íþróttaaðstaða.

Á neðri hæð er tveggja herbergja íbúð sem verið hefur í útleigu. Sami eigandi hefur verið að húsinu alla tíð og eignin hlotið gott viðhald af sama aðila.

Samkvæmt Þjóðskrá Íslands er húsið samtals 404, 3 fermetrar á tveimur fasteignanúmerum: F2049264, íbúð á efri hæð er 174,4 fermetrar og tvöfaldur bílskúr 51,4 fermetrar. F2049263 er íbúð á neðri hæð, 178,5 fermetrar.

Bílskúrinn er tvöfaldur með flísalögðu gólfi, viðarhurðum og í mjög góðu ástandi. Plan og stéttar eru steyptar og hellulagðar að hluta. Lóðin hefur fengið gott viðhald og umhirðu í gegnum tíðina. Húsið er mjög fallegt að utan sem innan. Þetta er fallegt og vel viðhaldið hús á frábærum stað í Breiðholtinu.

Afhending við kaupsamning. ■

Nánari upplýsingar hjá Fold fasteignasölu á fold@fold.is og í síma 552 1400. Utan skrifstofutíma svarar Hlynur í síma 624 8080, Viðar í síma 694 1401, Einar í síma 893 9132 og Gústaf í síma 895 7205. Sjá Fold fasteignasala á Facebook.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

2014 2018 Framúrskarandi fyrirtæki

Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

Elín D. Guðmunds-dóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

Úlfar Freyr Jóhannsson
hdl og lögg. fasteignasali
ulfar@fastmark.is

Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is

Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is

Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn söluþóknun.

Fagranes í Hörgárbyggð

- Til sölu er lögbýlið Fagranes í Hörgárbyggð sem stendur beint á móti Hrauni í Öxnadal og frá jörðinni nýtur einstaks útsýnis yfir þá náttúruperlu.
- 1200 hektara jörð sem að stórum hluta er fjalli.
- Jörðin er skráð sem lögbýli og byggja má þrjú hús á henni skv. upplýsingum frá byggingarfulltrúa á svæðinu þrátt fyrir að ekkert deiliskipulag liggi fyrir á svæðinu.
- Samningur er um skógrækt á jörðinni við Skógræktina. Jörðinni fylgir veiðiréttur í Hörgá sem felst í nokkrum bændadögum. Ágæt rjúpna- og gæsaveiði er á jörðinni.

Jakasel. Einbýlishús við opið svæði til suðurs.

- Virkilega glæsilegt, bjart og vel skipulagt 327,2 fm. einbýlishús á þremur hæðum með innbyggðum bílskúr. Möguleiki er á lítilli aukaíbúð í kjallara.
- Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins eða allt að 4,5 metrar í mæni.
- Fjögur herbergi. Stórar samliggjandi stofur. Sjónvarpsstofa þar sem er gert ráð fyrir arni.
- Húsið hefur alla tíð fengið mjög gott viðhald. Opið svæði er til suðurs.
- 796,0 fm. að stærð með mjög stórri hellulagðri innkeyrslu. Stór og skjólsæl, nýleg viðarverönd til suðurs og vesturs með skjólveggjum.

Verð 127,9 millj.

Þingholtsstræti. 3ja – 4ra herbergja íbúð.

- Falleg og björt 75,3 fermetra 3ja - 4ra herbergja íbúð á 2. hæð og á rishæð í reisulegu 6 íbúða húsi við Þingholtsstræti í Reykjavík.
- Íbúðin nýtist virkilega vel og virkar mun stærri en uppgefnir fermetrar segja til um þar sem samanlagður gólffletur íbúðarinnar er um 100 fermetrar. Baðherbergi og eldhúsinnréttingar eru nýlega endurnýjuð og raflagnir og rafmagnstafla líka.
- Alrými, stórt og bjart sem í eru eldhús og stofa með gluggum til austurs og vesturs. Stofan er björt og rúmgóð og mikil lofthæð er í mæni. Stigahúsið er mjög snyrtilegt og vel umgengið.

Verð 54,9 millj.

Reynimelur 24 – 3ja herbergja íbúð - sérinngangur.

Eignin verður til sýnis á morgum, miðvikudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Vel skipulögð 89,9 fermetra íbúð í kjallara með sérinngangi í nýlega viðgerðu fjórbýlishúsi.
- Eignin er mjög björt með miklum gluggum til suðurs. Í dag eru samliggjandi stofur og eitt herbergi, en mögulegt að breyta stærri stofunni í svefnherbergi.
- Húsið að utan var viðgert fyrir um 20 árum síðan og þakjárn, þakrennur, þakkantur og niðurföll eru nýleg. Gler og gluggar í íbúðinni eru að mestu nýleg og raflagnir og tafla hafa verið endurnýjuð.
- Íbúðin getur verið laus til afhendingar strax við kaupsamning.

Verð 49,9 millj.

Spítalastígur 10 – Heil húseign.

- Mikið endurnýjuð heil húseign með þremur íbúðum auk byggingarréttar að einni íbúð ofan á húsið á horni Spítalastígs og Óðinstorgs.
- Byggingarrétturinn sem fylgir eigninni er að einni hæð og risi ofan á húsið úr álíka efnum, útliti og frágangi og núverandi hús.
- Húsið er timburhús á hlöðnum kjallara, byggt árið 1910. Húsið var mikið endurnýjað fyrir 20 árum síðan, m.a. skipt um allt gler og glugga, bárustál að utan að hluta, allar lagnir o.fl.
- Eitt sér bílastæði á lóð fylgir eigninni. Óðinsgata, Óðinstorg og hluti Spítalastígs eru öll endurnýjuð með hitalögnum undir götum og gangstéttum.

Blómvallagata 13. 2ja herbergja íbúð.

Eignin verður til sýnis á morgum, miðvikudag frá kl. 17.45 – 18.15

- 49,8 fermetra 2ja herbergja íbúð á 3. hæð í góðu steinsteyptu fjölbýlishúsi á þessum eftirsótta stað í gamla vesturbænum í Reykjavík.
- Allir gluggar og gler voru endurnýjaðir 2020. Stigahús er mjög snyrtilegt líkt og sameign öll og gluggar og gler í sameign endurnýjuð.
- Rúmgóð stofa. Geymsla í risi.
- Lóðin er með tyrfðri flöt og hellulögðum stéttum, afgirt.

Verð 34,9 millj.

Haukanes - Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús. Sjávarútsýni.

- Glæsilegt og vandað 517,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á 1.222 fm. eignarlóð með sjávarútsýni á Arnarnesinu.
- Húsið er vandað í alla staði með sérsmíðuðum innréttingum. Aukin lofthæð á báðum hæðum. Stór flísalagður bílskúr. Extra háar innihurðir. Fallegir listar í loftum og extra háir hvítir gólflistar.
- Lóðin er eignarlóð, afgirt að miklu leiti og snýr að mestu til suðurs. Framlóð snýr til norðurs og er með mjög stórri bomanite steyptri innkeyrslu og stéttum, tyrfðri flöt og malarbeðum.

Verð 295,0 millj.

Heilsárshús við Valhallarstíg, Þingvöllum

TIL SÖLU

Hér er um að ræða eign í algjörum sérflokki.

Húsið stendur á fallega gróinni lóð með háum trjágróðri og grasflöt handan götu við opið svæði nærri vatninu með víðáttumiklu útsýni til fjalla.

Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.

- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuhæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarhlutanum.

Verð 129,5 millj.

Skeifan 6 – Til leigu

- Til leigu nýstandsett um 220 fermetra skrifstofuhúsnæði auk um 300 fermetra lagerhúsnæðis þar sem innangengt er á milli á jarðhæð hússins nr. 6 við Skeifuna í Reykjavík en í húsinu eru einnig verslunin EPAL og Everest.
- Góðir gluggar eru til suðurs og austurs á skrifstofuhúsnæðinu og góðar innkeyrsludyr og aðkoma bakatil fyrir lagerhúsnæðið.
- Inngangur að framanverðu er sameiginlegur um stigahús sem nýtt er af tveimur öðrum fyrirtækjum í húsinu en einnig er hægt að hafa sérinngang bakatil.

FOLD FASTEIGNASALA

Traust og rótgróin fasteignasala

Sími 552 1400 fold.is

Viðar Böðvarsson
Eigandi og framkvæmdastjóri
Viðskiptaf. og lg.f.
vidar@fold.is
S: 694 1401

Anna Ólafía Guðnadóttir
Eigandi
BA í bókmenntafræði
og íslensku
anna@fold.is

Einar Marteinsson
Löggiltur fasteignasali
einarm@fold.is
S: 893 9132

Gústaf Adolf Björnsson
Löggiltur fasteignasali
og íþróttafræðingur
gustaf@fold.is
S: 895 7205

Rakel Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
og viðskiptalögfræðingur
rakel@fold.is

Hlynur Ragnarsson
Sölumaður og
löggildingarnemi.
hlynur@fold.is
S: 624 8080

Kambsvegur 33, 104 Rvk., einbýli m. bílskúr.

OPIÐ HÚS ÞRI 5/10 KL. 16:30-17:30.

Vel skipulagt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, samtals 210 FM. Á efri hæð eru stofur, eldhús, baðherbergi og hjónaherbergi og á neðri hæð eru svefnherbergi, hol, geymslur, þvottahús m/sturtu, snyrting o.fl. Bílskúrinn er 40 FM og er með gluggum og bíður upp á ýmsa möguleika. **Verð 99 millj.**
Opið hús þriðjudaginn 5. október kl. 16:30-17:30, verið velkomin.

Tjarnarból 4, 170 Seltjarnarnes. 4ra herbergja

OPIÐ HÚS ÞRI 5/10 KL. 16:30-17:00.

Vel skipulögð 4ra herbergja íbúð á 4.hæð (efstu) á góðum stað á Seltjarnarnesi. Íbúðin er skráð 114,6 fm ásamt 11,6 fm geymslu, samtals 126,2 fm. Skiptist i hol, eldhús, stofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús innan íbúðar. Frábært útsýni. Vel viðhaldin sameign. Hjólageymsla í kjallara ásamt sameiginlegu leikherbergi. **Opið hús þriðjudaginn 5. október kl. 16:30-17:00, verið velkomin. Verð 59,9 millj. Nánari upplýsingar: hlynur@fold.is/ 624-8080.**

Haukshólar 3, 111 Rvk.

EINBÝLI MEÐ AUKAÍBÚÐ OG TVÖF. BÍLSKÚR.

Fallegt og vel viðhaldið 404,3 fm einbýli sem innréttað er sem tvær íbúðir í Efra-Breiðholti. Hægt að breyta neðri hæð í tvær íbúðir, báðar með sérinngangi. Efri hæð sem er björt og falleg, rúmgóðar stofur, fjögur herbergi og tvöfaldur bílskúr. Á neðri hæð er þvottahús, hol, geymslur, stórt herbergi, gufubað og íþróttaaðstaða ásamt íbúð m/sérinngangi. Afhending við kaupsamning.
Nánari upplýsingar: hlynur@fold.is / 624-8080. Óskað eftir tilboði.

Engjasel 63, 109 Rvk., 2ja herb. í kjallara.

OPIÐ HÚS MIÐ 6/10 KL. 17:00-17:30.

Vel skipulögð, rúmlega 60 FM íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuhaus. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni. Parket og flísar á gólfum. Íbúðin þarfnast lagfæringar, sjá skýrslu. **Verð 28,9 millj. Opið hús miðvikudaginn 6. október kl. 17:00-17:30, verið velkomin.**

Kambasel 46, 109 Rvk., 2ja herb. efri hæð.

OPIÐ HÚS MIÐ 17:45-18:15.

Falleg tveggja herbergja íbúð á 2. hæð. Sameiginlegur inngangur. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuhaus. Þvottahús innan íbúðar. Parket og flísar á gólfum. Út frá stofu er útgengt út á stórar svalir. Rótgróið hverfi og stutt í margvíslega þjónustu. **Verð 39,9 millj.**
Opið hús miðvikudaginn 6. október kl. 17:45-18:15, verið velkomin.

Melabraut 3, 170 Seltjarnarnesi

NEÐRI SÉRHÆÐ Í 2-BÝLI.

Rúmlega 103 fm. neðri sérhæð m/sérinngangi og verönd. Íbúðin skiptist í tvö rúmgóð svefnherbergi og eitt minna herbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. Þvottaaðstaða og geymsla á hæðinni. Óskráður vinnuskúr með rafmagni er á lóðinni. Bílskúrsplata fylgir. Eignin þarfnast lagfæringar. **Verð 49,9 millj.**
Velkomið að panta tíma fyrir skoðun, fold@fold.is / 552-1400.

Dynjandisvegur 21

SUMARHÚS Í BLÁSKÓGABYGGÐ.

Mjög gott og vel byggt, rúmlega 70 fm sumarhús, byggt af Borgarhúsum 2008. Til viðbótar er geymsluhús á lóðinni. Parket og flísar á gólfum. Hitaveita. Gólfhiti. Heitur pottur. Stór verönd. Símahlið. Tvö svefnherbergi ásamt stofu og eldhúsi í sama rými. Glæsileg lóð með miklum gróðri. Leigulóð 4200 fm.
Verð 37,5 millj.

Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- húseign með nokkrum íbúðum.
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Sumarhúsin seljast á Fold

Mikil eftirspurn er eftir sumarhúsum.

Áratuga reynsla í sölu sumarhúsa.

Erum að skoða eignir á vestur og suðurlandi án kostnaðar eða skilyrða.

Hafið samband.

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á www.fold.is – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

Þú finnur okkur á fold.is

MIKLABORG

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar

Jón Rafn Valdimars
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520

Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307

Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090

Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000

Ómar Hvanndal
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 832 3200

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339

Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500

Þröstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958

2015 2020
Framúrskarandi fyrirtæki

Þóroddur S. Skapta
lögg. fasteignasali
Sími: 868 4508

Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300

Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272

Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
Sími: 691 1931

Kjartan Í. Guðmunds
lögg. fasteignasali
Sími: 663 4392

Þórhallur Biering
lögg. fasteignasali
Sími: 896 8232

Friðrik Þ. Stefáns
hdl. & aðst. fasteignas
Sími: 616 1313

Friðjón Ö. Magnúss.
lögg. fasteignasali
Sími: 692 2704

Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
Sími: 691 2312

Ingi Þór Ingólfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 698 4450

Páll Þórðfsson
lögg. fasteignasali
Sími: 893 9929

Ragnheiður Pétur
hdl. og löggiltur fasteignasali

Dalakur 5
210 Garðabær

Glæsilegt 267 fm einbýlishús á einni hæð í Akrahverfinu

- Glæsilegt og bjart alrými með mikilli lofthæð
- Stór timburverönd í kringum húsið með heitum potti og fallegri lýsingu
- Tvöfaldur bílskúr og góð innkeyrsla með stæði fyrir 5-7 bíla
- Fjögur rúmgóð svefnherbergi þar af er hjónaherbergi með fataherbergi og sérbaðherbergi

NÝTT Í SÖLU

PANTIÐ SKOÐUN
hjá Óskari í síma 691 1931

Verð: **198 millj.**

Nánari upplýsingar veitir:
Óskar H. Bjarnasen
lögg. fasteignasali
sími: 691 1931
ohb@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
fimmtudaginn 7. okt
milli kl. 17.00 - 17.30

Víðimelur 25
107 Reykjavík

Falleg og rúmgóð 4-5 herbergja, 181,5 fm hæð við Víðimel

- Stofa, eldhús, borðstofa og hol
- 3-4 svefnherbergi
- 2 baðherbergi
- Tvennar svalir
- Geymslu og 30 fm bílskúr





Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Verð: **108,5 millj.**

NÝTT Í SÖLU

OPIÐ HÚS
miðvikudaginn 6. okt
milli kl. 17.00 - 17.45



Heiðarbraut 12
230 Reykjanesbæ

Gott 206 fm einbýli í Keflavík

- Húsið skiptist í forstofu, 5 herbergi, þvottahús, stofu, eldhús
- Tvöfaldur bílskúr.
- Gróin lóð
- Stór pallur með heitum potti
- Húsið er vel staðsett, stutt er í skóla og leikskóla sem og aðra þjónustu.





Óskar S. Axelsson
aðst. fasteignasala
S: 691 2312
osa@miklaborg.is

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð: **68,9 millj.**

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

569 7000

Með þér alla leið

miklaborg.is

Ljósavík 27

112 Reykjavík

104,7 fm 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í litlu fjölbýli

- Sérinngangur íbúðar er af svalagangi.
- Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, borðstofu og stofu
- 3 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús.
- Sér geymsla á jarðhæð
- Stutt í leik-, grunn og framhaldsskóla ásamt alla helstu þjónustu

Verð: **59,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Bárugata 38

101 Reykjavík

Björt og falleg 129,7 fm efri hæð auk ris

- 3-5 svefnherbergi
- Nýjir gluggar, dren- og skólp endurnýjað
- Nýlega viðgert og málað
- Vel staðsett eign í gamla Vesturbænum

Verð: **79,9 millj.**

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Ferjuvað 13-15

110 Reykjavík - íbúð 302

Glæsileg 2ja herbergja 89 fm íbúð á efstu hæð

- Aukin lofthæð í íbúð
- Opið eldhús, björt stofa með útgengt á svalir
- Sér þvotthús innan íbúðar
- Lyfthús. Vinsælt hverfi
- Skólar er í göngufæri
- Laus við kaupsamning

Verð: **49,9 millj.**

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Sogavegur 73-77

108 Reykjavík

Fallegar og mjög vel skipulagðar nýjar íbúðir 3ja - 4ra herbergja

- Íbúðirnar afhendist með gólfefnum, ísskáp og uppþvottavél
- Bílastæði í bílageymslu
- Sérinngangur með mörgum íbúðum
- Sérafnotaréttir eða svalir með öllum íbúðum

Verð frá: **69,9 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Holtsvegur 41

210 Garðabær

Glæsileg 187 fm íbúð á efstu hæð ásamt bílskúr

- Aukin lofthæð
- Skiptist í þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, eldhús, stofu og þvottahús innaf baðherbergi
- Tvennar svalir
- Geymsla inn af lokuðum bílskúr
- Eina íbúðin á hæðinni
- Gott útsýni

Verð: **119 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Íris Arna Geirsdóttir
aðst. fasteignasala
Sími: 770 0500
iris@miklaborg.is

Hverfisgata 92

101 Reykjavík

Glæsilegar nýjar 2ja til 4ra herbergja íbúðir í miðborginni

- **Gólfhiti** í öllum íbúðum
- Mikil sameign og **margar íbúðir sérstæðar** og liggja ekki að öðrum íbúðum
- **Snjallíbúðir**
- Fallegur **inngarður**
- **Vandaðar** innréttingar og tæki
- Íbúðirnar skilast **fullbúnar með gólfefnum**

verð frá: **77,9 millj.**

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Elín Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 899 3090
elin@miklaborg.is

Jórunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Barbara R. Bergþórs
lögg. fasteignasali
Sími: 823 0339
barbara@miklaborg.is

Skúlagata 10

340 Stykkishólmi

Fallegt lítið einbýli

- Eignin er fullbúin með húsgögnum og selst með öllu
- Húsið hentar vel til útleigu og hefur verið notað þannig undanfarið
- Göngufæri í alla þjónustu og heilsugæslu

Verð: **29 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Bríetartún 9

105 Reykjavík

Heil hæð, 7. hæðin. 5 glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir með gistileyfi í hjarta Reykjavíkur.

- Um er að ræða einstakt fjárfestingar tækifæri til að eignast heila hæð samtals 354 fm í þessu nýlega flotta húsi. Teikningar og fleira eru hjá sölumanni.
- 701 skráð **68,2 fm** - 2 svefnherb.
- 702 skráð **70 fm** - 1 svefnherb.
- 703 skráð **60,6 fm** - 1 svefnherb.
- 704 skráð **57,9 fm** - 1 svefnherb.
- 705 skráð **97,8 fm** - 2 svefnherb.

Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar veitir:
Jason Kr. Ólafsson
lögg. fasteignasali
sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

Álfhella 13

221 Hafnarfjörður

Gott 231 fm iðnaðarbil á tveimur hæðum

- Efri hæðin 115,2 fm er með góðum svefnrýmum/ skrifstofum, sameiginlegu eldhúsi og baðherbergi.
- Jarðhæð 116,2 fm er stór opin salu með stórri bílskúrshurð 3,5 á hæð.
- Gott athafnarsvæðið er fyrir utan húsið

Verð: **49,5 millj.**

Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515
jko@miklaborg.is

SKOÐUNARFERÐIR TIL SPÁNAR Á 59.900 KR

Hafðu samband og kynntu þér ferli skoðunarferða hjá Masa International

EIGN FASTEIGNASALA

MASA INTERNATIONAL

Jónas H. Jónasson
jonas@masainternational.is
Sími: 555 0366
Gsm: 842 1520

www.masainternational.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Reykjavík: Norðlingaholt, Miðbær og Mjódd.

BÚSETI

ÞVERHOLT 15 · 105 RVK.



65,5 ferm. | 2ja herb. | 404 íbúð nr.

Búseturéttur: 8.226.801 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 187.280 kr.
Mögulegt lán: 4.113.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÞVERHOLT 21 · 105 RVK.



69,5 ferm. | 2ja herb. | 301 Íbúð nr.

Búseturéttur: 8.180.364 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 189.818 kr.
Mögulegt lán: 4.090.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÁRSKÓGAR 7 · 109 RVK.

42,3 ferm. | 1 herb. | 417 íbúð nr.

Búseturéttur: 5.801.015 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 130.664 kr.
Mögulegt lán: 2.900.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

ÞVERHOLT 15 · 105 RVK.

74 ferm. | 2ja herb. | 104 íbúð nr.

Búseturéttur: 8.622.855 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 207.984 kr.
Mögulegt lán: 4.311.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Byrjun nóv.

BJALLAVAÐ 7 · 110 RVK.

118,1 ferm. | 4ra herb. | 301 Íbúð nr.

Búseturéttur: 5.751.900 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 220.411 kr.
Mögulegt lán: 1.700.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: 1. desember.

ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til **13.okt.** kl. 16.
Rafræn úthlutun: 14. okt. kl. 12.

Umsækjendum er raðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.

Birt með fyrirvara um villur og breytingar

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ:

Festa miðstöð um samfélagsábyrgð

GRÆNNI BYGGÐ

HAFÐU SAMBAND

BUSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000

MARKAÐURINN

Markaðurinn

Snýr aftur á miðvikudag kl. 19.00

Markaðurinn snýr aftur á dagskrá Hringbrautar miðvikudaginn 6. október og verður vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber hjá í efnahagslífinu hverju sinni. Þættinum stýra þau Helgi Vífill Júlíusson og Magdalena Anna Torfadóttir, blaðamenn Markaðarins.

HRINGBRAUT

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nú þegar engir sendibílar eru fáanlegir í heiminum eigum við þennan til á lager ! Nýr 2021 Ford Transit L2H2. Til afhendingar strax ! Verð: 4.700.000,- án vsk.

Nýr 2021 Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Reykgrár - hvítur og Dökkgrár. 800.000 undir tilboðsverði umboðs á aðeins 4.990.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

HVER VANN?
Sportið á frettabladid.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699-6069 eða 663 5315

Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

+++ EÐALVERK +++
BJÓÐUM UPP Á HEILDARLAUSNIR Á JARÐVEGSVINNU
Gröfuþjónusta - Hellulagnir
Grjóthleðsla - Húsaviðgerðir - Þak
Gluggaskipti - Múr - Málningavinna
- Steinsögun ...meira og fleira
FÁÐU TILBOÐ Í VERKIÐ Í SÍMA 786-3211 EÐA SENDU OKKUR PÓST Á VERK@EDALVERK.IS

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211
VISA EURO

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut
Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is
Kassagítarar á tilboði
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali
Verð við allra hæfi

Gefins

Notað Sony útvarp fæst gefins. 3 x 5 tommu hátali. Get afhent tækið ef viðkomandi er á höfuðborgarsvæðinu. Tala ensku. Uppl. síma: 554-6286. Tómas.

Óskast keypt

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Fundir

AÐALFUNDUR SÁLARRANNSÓKNARFÉLAGS ÍSLANDS.
Framhaldsaðalfundur Sálarrannsóknarfélags Íslands verður haldinn í húsakynnum félagsins að Skipholti 50D, föstudaginn 8. okt. 2021 kl. 16:00
Dagskrá: Tillögur að lagabreytingum.
Aðalfundur fer fram í beinu frh.
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

TIL LEIGU

Heilsárshús (sumarhús) í Nátthaga 18 við golfvöllinn milli Sandgerðis og Garðs.

Húsið er timburhús 65 fermetrar að grunnfleti með 30 fermetra rúmmgóðu efra lofti.
Á neðri hæðinni eru, góð forstofa, 3 herbergi, rúmmgóð dagstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu og þvottavél.

Umhverfis húsið er rúmmgóður sólpallur með potti.
Húsið er tengt rafmagni og hitaveitu með hita í gólfi.
Húsið er laust til ábúðar frá 1. nóvember n.k.

Þeir sem áhuga hafa og óska eftir frekari upplýsingum, vinsamlegast sendi tölvupóst á netfangið **oskar.karlsson@oscarsfish.lv**

Óskað er eftir að eftirfarandi upplýsingar fylgi:
- Full nafn, kennitala og símanúner og /eða póstfang.
- Núverandi vinnustaður og fyrri vinnustaður er ef við á.
- Meðmæli a.m.k tveggja meðmælenda.
- Gerð er krafa um reglusemi, og góða umgengni svo og um áreiðanleika og sklivísar greiðslur.

BÓLSTRUN – SAUMASKAPUR

Uppgerðir Rokkókóstólar með áklæði að eigin vali á góðu verði

Öll almenn bólstrun - úrval vandaðra áklæða og leðurs.
Tökum allskonar saumaskap ,t.d. dýnur í hjólhýsi, húsbíla ofl.

Sérhæfum okkur í bílsætaviðgerðum, mótorhjólum, snósleðasætum, límum og gerum við tréverk á húsgögnum.

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin | S. 544 5750 | www.hsbolstrun.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**

Meðal þess sem ber fyrir augu innan dyra eru skjáir fyrir hliðarspegla og gírskiptir úr kristalskúlu, sem snýst við þegar hönd ökumanns nálgast.

Að framan er grillið undir neðri hluta bílsins gert til að kæla rafhlöðuna þegar þess er þörf.

Genesis GV60 fær allt að 429 hestöfl

Genesis er lúxusmerki Hyundai en þótt farið sé að bjóða merkið í Evrópu hefur enn sem komið er ekki þótt ástæða til að bjóða það hérlendis. Bíllinn var frumsýndur í ágúst og er ætlað að keppa við bíla eins og BMW iX3.

Tilkynnt hefur verið um helstu tölur og búnað í nýjum rafbíl frá Genesis, sem er lúxusmerki Hyundai. Von er á þessum lúxusrafbíl Genesis á markað strax á næsta ári en hann kemur á sama undirvagni og Kia EV6 og Hyundai Ionic 5. Þótt þeir deili botnplötu er allt annað sérhannað af hverjum framleiðanda og deila þeir ekki neinum hlut í yfirbyggingu sinni.

Er GV60 annar rafdrifni bíll Genesis á markað í Evrópu en fyrir er G80-fólksbíllinn. Þótt farið sé að selja Genesis -merkið í Evrópu er alls óvíst hvort það komi hingað til lands. Að sögn Ragnars Steins Sigþórssonar, sölustjóra hjá Hyundai, hefur umræða um hvort Genesis-merkið komið til Íslands ekki farið fram enn þá.

Þótt að systurbílarnir fái bæði

Genesis GV60 verður með fjöllliða MacPherson-fjöðrun að framan og fimm liða fjöðrun að aftan.

58 og 77,4 kWst rafhlöðu verður Genesis GV60 aðeins boðinn með stærri rafhlöðunni. Grunngerðin verður 226 hestöfl með afturdrifi og 450 km drægi. Tvær fjórhjóladrifsútgáfur verða einnig í boði og er sú minni 314 hestöfl. Er sú aflminni aðeins langdrægari eða með 400 km drægi en sú öflugri með 370 km drægi.

Genesis GV60 verður boðinn í þremur aflútfærslum en sú öflugasta verður fjórhjóladrifin, 429 hestöfl með svokallaðri „Boost“ stillingu. Fær bíllinn þá meira afl í 10 sekúndur sem gerir honum kleift að komast í hundraðið á fjórum sekúndum sléttum. Að sögn Genesis er hann líka með falinni skrikstillingu (Drift Mode) hvað sem það nú þýðir. GV60 verður með fjöllliða MacPherson fjöðrun að framan og fimm liða fjöðrun að aftan. Myndavél framan á bílnum skoðar veginn og stillir fjöðrunina eftir því sem fram undan er. Myndavélar gegna fleiri hlutverkum í bílnum því að í B-bitanum er myndavél sem greinir andlit þess sem nálgast bílinn og opnar fyrir þeim rétta. ■

Njáll Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Toyota Yaris Cross

KOSTIR
- Farangursrými
- Búnaður

GALLAR
- Stutt seta í framsætum
- Fótapláss aftur í

Grunnverð: 4.750.000 kr.
Hestöfl: 114
Tog: 120 Nm
Hröðun 0-100 km: 11,2 sek

Hámarkshraði: 170 km
L/B/H: 4.180/1.765/1.560 mm
Hjólhaf: 2.550 mm
Veghæð: 170 mm

Farangursrými: 390 lítrar
Eigin þyngd: 1.150 kg
Dráttargeta: 750 kg
Eyðsla WLTP: 4,5 l/100 km

Framenda Yaris Cross svipar mikið til hins ákveðna framenda RAV4.
MYNDIR/TOYOTA

Enn bætist í jepplingaflóru Toyota

Stutt er í að nýr Yaris Cross verði frumsýndur á Íslandi en það verður á allra næstu vikum.

Það ráku margir eflaust upp stór augu snemma á síðasta ári þegar fregnir bárust af því að Yaris í jepplingsútgáfu væri að vænta á þessu ári. Nú er bíllinn kominn á markað og stutt í að sala á honum hefjist á Íslandi en hann mun koma sterkur inn í samkeppni smærri jepplinga. Íslenskir bílablaðamenn brugðu undir sig betri fætinum til Brussel á dögunum þar sem bílnum var reynsluekið, en hann verður boðinn í bæði framdrifinni tvinnútgáfu og fjórhjóladrifsútgáfu með rafdrifnu afturdrifi.

Með góða veghæð

Það sést vel að útlitið er sótt til stóra bróður hans, RAV4. Bíllinn byggir á sömu botnplötu og hefðbundinn Yaris en er með 25 mm meiri veghæð eða 170 mm. Sæti hans voru lækkuð örlítið og þess vegna situr ökumaður 22 mm hærra til að fá meira höfuðrými. Þar sem bíllinn er í eðli sínu smábíll kemur ekki á óvart að setan sé stutt en það virkar samt dálítið öfugsnúið á ökumanninn. Að sitja í stuttu sæti á hærri bíl eins og þessum er eins og að sitja á háum kolli. Eins kemur ekki á óvart að fótarými sé í minna lagi aftur í en áherslan á pláss virðist hafa farið í farangursrýmið sem er 390 lítrar. Því til viðbótar er felling aftursæta 40/20/40 sem er óvenju vel í lagt fyrir bíl í þessum flokki. Einnig er gólfið í farangursrýminu tvískipt svo að það getur verið stallað og skorðað þannig af smærri hluti. Loks er farangurshlífin óvenjuleg, en hana má brjóta saman svo að hún kemst auðveldlega fyrir í farangursrýminu og þarf þá ekki að fara í bílskúrinn þegar hún er ekki í notkun.

Fótarými í aftursætum er ekki drjúgt eins og venjan er í smærri bílum.

Veghæð bílsins er 170 mm sem er svipað og hjá stærri jepplingum.

Rafdrifið afturdrif

Yaris Cross verður boðinn í tvinnútgáfu með 1,5 lítra, þriggja strokka bensínvél. Með rafmótornum mun bíllinn skila 114 hestöflum með 120 Nm togi. Rafhlaðan er af nýrri gerð með 50% meira afli og er auk þess 12 kílóum léttari. Fjórhjóladrifsútgáfan er með rafdrifnu afturdrifi sem virkar upp að 70 km hraða. Þó að Yaris Cross sé ekkert orkubúnt kemst hann vel áfram, en samspil þriggja strokka vélar og CVT-skiptingar gerir hann þó aðeins grófari í akstri en RAV4 til að mynda. Á móti kemur að hann er með vel uppsett fjöðrunarkerfi og liggur bíllinn vel þegar á þarf að halda. Fjórhjóladrifsútgáfan er þar að auki með fjölarma fjöðrun að aftan sem bætir það enn frekar.

Mjög vel búinn

Um mjög vel búinn bíl er að ræða í Yaris Cross og þá sérstaklega ef horft er til stærðarflokksins. Má þar nefna hluti sem ekki sjást venjulega í þessum flokki eins og stæðisaðstoð, rafdrifinn afturhlera og Matrix-aðalljós.

Innandyra er níu tommu upplýsingaskjár með Smart Connect og leiðsögukerfi gegnum skýið ásamt þráðlausu Apple CarPlay. Þess vegna hljóta herlegheitin að kosta eitthvað en grunnútgáfa Yaris Cross kostar frá 4.750.000 kr. og 4.950.000 kr. sjálfskiptur.

Ódýrasta fjórhjóladrifsútgáfan kostar hins vegar frá 5.580.000 kr. Helstu keppinautar hans hérlendis eru án efa Hyundai Kona Hybrid og Renault Captur PHEV. Tvinnútgáfa Kona kostar frá 4.990.000 kr. en Captur er aðeins fáanlegur í tengiltvinnútgáfu og kostar þannig frá 4.490.000 kr. ■

Fyrir miðju er nýr 9 tommu upplýsingaskjár með þráðlausri tengingu við Apple CarPlay og leiðsögukerfi gegnum netið.

TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

480.000 KR. VSK verð-hækkun um áramótin*

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI | PLUG-IN HYBRID

4XE
JEEP WRANGLER RUBICON
VERÐ FRÁ 9.899.000 KR.**

4XE
JEEP COMPASS
VERÐ FRÁ 6.699.000 KR.*

4XE
JEEP RENEGADE
VERÐ FRÁ 5.750.000 KR.*

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.
Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

***Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000 KR. um áramótin, vegna VSK hækkana.**
****Bjóðum upp á 35”-40” breytingapakka fyrir Wrangler.**

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep

Hið áberandi grill bílsins er falið undir merkingum og því óvíst hvort það verði á endanlegri rafútgáfu.

Rolls-Royce í rafmagnið 2023

njall@frettabladid.is

Rolls-Royce hefur staðfest að von sé á rafdrifnum lúxusbíl frá merkinu í lok árs 2023. Fær hann nafnið Rolls-Royce Spectre en prófanir á bílnum á þjóðvegum hafa þegar farið í gang. Eins og myndin með tilkynningunni sýnir er um að ræða stóran, kúpulaga bíl. Er hann svipaður Wraith af stærð og lagi en sá bíll hefur verið í framleiðslu síðan 2013. Útlit er fyrir að þessi nýi bíll muni leysa

» Tilynning um framleiðslu Rolls-Royce Spectre er sú mikilvægasta síðan að tilkynnt var um stofnun merkisins 1904.

hann af hólmi. Forstjóri Rolls-Royce, Torsten Muller-Otvos, sagði daginn sem tilkynningin kom fram „þann mikilvægasta í sögu Rolls-Royce Motor Cars síðan 4. maí 1904“, hvorki meira né minna, en þá var fyrirtækið stofnað. Rolls-Royce hefur tvisvar áður komið fram með rafdrifinn tilraunabíl á þessari öld. Fyrir meira en áratug sýndu þeir 102EX-tilraunabílinn á bílasýningunni í Genf. Fyrir fimm árum var svo 103 EX frumsýndur sem hugmyndabíll fyrir framtíðarútlit á bílum merkisins. ■

Mazda hefur prófað endurmerkta Yaris að undanförnu sem bendir til þess að stutt sé í kynslóðaskiptin.

Næsta kynslóð Mazda 2 verður í raun Yaris Hybrid

Toyota-merkið hefur staðið sig vel að undanförnu varðandi mengunarreglur í Evrópu og það þarf því ekki að koma á óvart að önnur japönsk merki, sem eru í samstarfi við Toyota, nýti sér það. Mazda og Toyota hafa löngum átt samstarf um hönnun og framleiðslu og eru nú í samstarfi um hönnun rafbíla frá merkjunum. Við höfum séð Suzuki endurmerkja bíla eins og RAV4-tengiltvinnbílinn og Mazda mun koma með nýjan Mazda 2 á næsta ári sem er endurmerktur Yaris Hybrid. Að öllum líkindum mun Toyota smíða bílinn fyrir Mazda og þá líklega í verksmiðju Toyota í Norður-Frakklandi. Núverandi Mazda 2 hefur verið á markaði síðan 2014 og kominn tími á endurnýjun, enda uppfyllir bíll án tvinnbúnaðar varla mengunarreglur lengur, sérstaklega í flokki smábíla. ■

Chevrolet deilir fyrstu myndum af keppnis-Corvettunni

njall@frettabladid.is

Chevrolet hefur látið fyrstu myndir af brautarútgáfu Corvette C8 sem kallast Z06. Er hún með stærri stuðara með þremur loftinntökum, en einnig eru brettin breiðari sem bendir til þess að sporvíddin sé það líka. Bíllinn fær nýja V8 vél fyrir aftan farþegarýmið. Mun hún leysa 6,2 lítra vélina af hólmi sem skilaði 495 hestöflum, en talið er að sú nýja sé 5,5 lítra og skili kringum

Corvette C8 Z06 er með stærri stuðara og loftinntökum ásamt meiri sporvídd.

700 hestöflum. Er það sama vélin og í C8-R keppnisbílnum sem búin er láréttari sveifarás en áður, sem bæta á endingu vélarinnar. Ef hún kemur með þeirri vél má búast við að bíllinn fari í hundraðið á undir þremur sekúndum og nái vel norður fyrir 300 km hraðamörkin. Verður notast við sömu átta þrepa sjálfskiptingu og áður til að koma aflinu til afturhjólanna en engin beinskipt útgáfa verður í boði. Mun Z06 bíllinn koma á markað seinni hluta næsta árs. ■

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

MATUR OG HEIMILI

MEÐ SJÖFN ÞÓRÐAR

Lifandi þáttur um matargerð í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl. Í þáttunum heimsækir Sjöfn heimili, kaffi- og veitingahús og eldhús matgæðinga, sælkera- og matarbloggara, fær innsýn í heimili og staði viðkomandi og kynnist matarmenningu hvers og eins. Sjöfn heimsækir jafnframt heimili ólíkra einstaklinga, kynnist persónulegum stíl þeirra og hönnun.

Matur og Heimili er á dagskrá alla þriðjudaga klukkan 19.00.

BÓNUS
Lemon
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is
Flügger
HRINGBRAUT

Fyrirtæki ársins 2021

hagvangur.is

HAGVANGUR

RAKIR GLUGGAR?

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMIÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA

íshúsið viftur.is

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

BORÐSTOFUDAGAR
20% AFSLÁTTUR

ÖLL BORÐSTOFUBORÐ OG BORÐSTOFU STÓLAR MEÐ 20% AFSLÆTTI

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Veðurspá Þriðjudagur



Heldur hægari norðlæg átt í dag og úrkomulítið víðast hvar en áfram stöku él norðaustan til. Vaxandi austanátt og þykknar upp með suðurströndinni í kvöld. Hiti 1 til 6 stig fyrir norðan, en 6 til 12 stig sunnan til.

Skák Gunnar Björnsson

Svartur á leik

Kurtic átti leik gegn Najdorf í Mar del Plata árið 1984.

1...f6+! 2. Dxf6 Dh4+! 3. Kxh4 g5+! ½-½. Einvígi Vignis Vatnars Stefánssonar hófst í Kjarvalsstofu í gær. Önnur skákin fer fram í dag. Taflfélag Garðabæjar er á toppnum í úrvalsdeild Íslandsmóts skákfélaga, Taflfélag Reykjavíkur er í öðru sæti og Skákdeild Fjölnis í því þriðja.
www.skak.is: Íslandsmót skákfélaga. ■

Krossgáta

LÁRÉTT
1 ferma
5 tré
6 tveir eins
8 rakna
10 kvik
11 kjökur
12 seytl
13 mismunandi
15 féfletting
17 staðfesta

LÓÐRÉTT
1 dauðyfli
2 þolinmæði
3 reyndar
4 nytjar
7 laglega
9 ofsaleg
12 vinkona
14 nagdýr
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 lesta, 5 eik, 6 ff, 8 trosna, 10 ið, 11 vol, 12 vætt, 13 ýmis, 15 rúning, 17 sanna.
LÓÐRÉTT: 1 leiðyr, 2 eirð, 3 sko, 4 afnot, 7 falega, 9 svæsin, 12 vina, 14 mús, 16 nn.



Sudoku

3	1			9	8			
							4	8
	2		3	5		6		
8			5		3		1	
	7				9	2	3	
		9	6	1				
			2		1		8	
	6						2	3
			7		5			

5	8							
	6	1	3			7	2	
		2	8			3		
	1	6						7
9	7				3	2	4	
					5	9		1
6	2		9			4	5	
					8			
				3	4			9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Óvinir alþýðunnar eða ekki

BÆKUR

Elítur og valdakerfi á Íslandi

Gunnar Helgi Kristinsson
Útgefandi: Háskólaútgáfan
Fjöldi síðna: 182

Björn Þorláksson

Út er komin bók eftir Gunnar Helga Kristinsson, Elítur og valdakerfi á Íslandi. Bókin varpar ljósi á þróun valdakerfa á Íslandi frá nítjándu öld og fram á okkar daga.

Fjölmargir stjórnmálamenn hafa sprottið fram undanfarið sem tönnlast á því að kerfin séu spillt og fámenn elíta sitji við kjötkatlana. Oft hafa þeir fengið framgang, gjarnan með digrum tilvitnunum í stórhuga byltingarsinna líkt og Karl Marx. Í inngangi bókarinnar segir að á öld popúlismans séu elítur hinn nýi óvinur alþýðunnar. En er verið að brugga almenningi launráð? Hinum hreina og óspillta almenningi?

Gunnar Helgi tekst á við margar áhugaverðar spurningar í bókinni. Hann bendir meðal annars á að elítuvæðing og spilling hafi verið lagðar að jöfnu. Slíkar hugmyndir eigi greiðan aðgang að hjörtum kjósenda. Með elítu sé átt við fámenna hópa sem ráði yfir mikilvægum björgum. Í krafti þeirra verði áhrif elítunnar mikil.

Höfundur telur að elítur séu óhjákvæmilegar og skoðar hvers vegna uppbygging elítukerfa sé mismunandi. Hvaða kostir og gallar fylgi mismunandi elítukerfum. Aðferðafræðin við vinnslu bókarinnar byggir á svokallaðri tilviksrannsókn.

Elítur og valdakerfi er læsilegt rit og aðgengilegt. Það þjónar ekki eingöngu tilgangi sínum sem greinandi fræðirit heldur ætti áhugafólk um samfélag, völd og stjórnvöld í hópi almennings að fá sitthvað fyrir peninginn. Ekki síst fannst mér áhugaverð sú nálgun að skipta valdakerfi síðari ára í tímaröð upp í hefðbundinn elítisma í krafti ættarbanda og þjóðfélagsstöðu, þar sem aðgreining þeirra sem nutu og þeirrar sem ekki nutu var skýr með embættismannakerfinu í aðalhlutverki. Síðan hafi komið tímaskeið sem höfundur kallar samkeppniselítisma þar sem stjórnmálaflokkar, nátengdir efnahagslífinu, kepptu um völd á 20. öldinni. Á 21. öldinni eftir hrun hafi svo orðið til margræði, en þó með slagsíðu. Lykilhópar í pólitík og efnahagslífi gegni enn stóru hlutverki.

Í niðurstöðukafla segir: „Margræði er hvorki draumasamfélag nýfrjálshyggjunnar né jafnaðarstefnunnar. Í margræðiskerfi ríkir hvorki óheftur markaðu né jöfnuður og raunar einkennist íslenska margræðiskerfið af margháttaðri slagsíðu. Á hinn bóginn er í því borin meiri virðing en áður fyrir faglegum vinnubrögðum, óhlutdrægri beitingu ríkisvalds og grunnþáttum réttarríkisins.“ ■

NIÐURSTAÐA: Aðgengilegt og fróðlegt rit sem á erindi við samtímann.

Unnur Lilja fékk Svartfuglinn

kolbrunb@frettabladid.is

Verðlaunahafi spennusagnaverðlaunanna Svartfuglsins er Unnur Lilja Aradóttir. Í áliti dómnefndar um bókina segir meðal annars: „Höfundurinn magnar upp mikla sálfræðilega spennu og hleypir lesandanum smám saman nær glæpnum sem kemur verulega á óvart.“

Ung kona vaknar á sjúkrahúsi með höfuðáverka – og hefur auk þess misst minnið. Hún þekkir hvorki tilveru sína né sjálfa sig en fljótlega fær hún á tilfinninguna að eitthvað sé ekki eins og það eigi að vera. Hún leggur upp í ferðalag á vit fortíðar sinnar – viðsjárvert ferðalag þar sem skelfilegir atburðir afhjúpast smám saman.

Samkeppnin um Svartfuglinn er ætluð höfundum sem hafa ekki áður sent frá sér glæpasögu. Höfundarnir Yrsa Sigurðardóttir og Ragnar Jónasson stofnuðu til verðlaunanna. ■

» Höfundurinn magnar upp mikla sálfræðilega spennu.

Eliza Reid forsetfrú afhenti Unni Lilju verðlaunin.

Láttu þér líða vel!

Eitt mesta úrval skrifborðsstóla landsins, komdu og finndu stólinn sem hentar þér.

Aeron

Tilboðsverð 299.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 374.875 KR.

Aeron sameinar framúrskarandi hönnun, vinnuvistfræði og sjálfbæra framleiðslu. Frá því að stóllinn kom á markað árið 1994 hefur hann verið álitinn einn allra besti skrifborðsstóll sem fyrirfinnst. Aeron vann gullverðlaun fyrir hönnun aldarinnar og er mest seldi skrifborðsstóll allra tíma. Hann kemur í þremur stærðum A, B og C sem henta nær öllu fólki óháð líkamsvexti.

HermanMiller

ID Mesh
Tilboðsverð 119.900 kr.
VERÐ ÁÐUR 164.247 KR.
vitra.

Þægilegur og smekklegur skrifborðsstóll á skrifstofuna. Stóllinn sameinar fallega hönnun og vinnuvistfræðilega eiginleika. Hann hefur allar helstu stillingar og fjölstillanlega 3D arma.

Shape Mesh
Tilboðsverð 131.162 kr.
VERÐ ÁÐUR 187.375 KR.
DAUPHIN

Vandaður skrifborðsstóll með allar helstu stillingar. Stóllinn hentar vel á skrifstofuna eða fyrir vinnustöðina heima.

Kinnarps 6242
Tilboðsverð 113.662 kr.
VERÐ ÁÐUR 162.375 KR.
Kinnarps

6242 er einn vinsælasti skrifborðsstóll Pennans fyrr og síðar. Góður skrifborðsstóll með hæðarstillanlegu bólstruðu baki, fljótandi setu og öllum helstu stillingum.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

5 AÐ LÁGMARKI ÁRA ÁBYRGÐ

540-2000 // Skeifunni 10, Reykjavík // Hafnarstræti 91-93, Akureyri

Pennin Húsgögn

SCOTT
3ja sæta sófi með slitsterku koníaksbrúnu bonded leðri. Kaldpressaður svampur í púðum með mjúku yfirlagi. Svartir fætur úr járni. 212 x 97 x 85 cm

DC 3600
3ja sæta sófi með slitsterku svörtu savoy/split leðri. Háir armar og viðarfætur. Einnig fáanlegur í koníaksbrúnu leðri
202 x 80 x 80 cm
241.942 kr. ~~299.990 kr.~~

WOODSTOCK Sófaborð. 80 × 80 × 45 cm
28.219 kr. ~~34.990 kr.~~

www.husgagnahollin.is VEFVERSLUN

Þú finnur bæklinginn á husgagnahollin.is

** Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum og sófaborðum nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.*

HÚSGAGNA HÖLLIN
www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100

Þriðjudagur

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá
19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
19.30 Lífið er lag Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
20.00 433.is 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis

RÚV Sjónvarp

11.00 Heimaleikfimi
11.10 Kastljós
11.25 Menningin
11.35 Sirkussjómennirnir
12.05 Tíu fingur
13.05 Í 50 ár
13.45 Pricebræður elda mat úr héraði
14.15 Brautryðjendur
14.45 Eyðibýli
15.25 Manndómsár Mikkos – Önnur þrautin - hlaup
15.55 Siðbótin Íslensk heimildarmynd í tveimur hlutum um lífshlaup Marteins Lúthers og helstu hugmyndir siðbótarinnar. Þann 31. október 2017 voru 500 ár frá upphafi siðbótarinnar sem hafði afgerandi áhrif á þróun kristninnar. Í þáttunum ferðast Ævar Kjartansson um slóðir Lúthers í Þýskalandi og bregður upp svipmyndum af ævi hans. Rætt verður við nokkra fræðimenn um hugmyndir Lúthers og afstöðu hans til ýmissa mála. Dagskrárgerð: Jón Viðir Hauksson. e.
16.25 Menningin - samantekt
16.50 Íslendingar
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Handboltaáskorunin
18.13 SOS
18.28 Hönnunarstirnin
18.45 Krakkafréttir Helstu fréttir settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt. Umsjón: Kolbrún María Másdóttir og Gunnar Hrafn Kristjánsson.
18.50 Lag dagsins
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Kveikur
20.55 Rafíþróttir: Baráttan um toppsætið Heimildarmynd frá BBC í tveimur hlutum um rafíþróttir. Í myndinni er breska hópnum Excel Esports fylgt eftir sem berst við að geta sér nafns innan alþjóðlegu rafíþróttasenunnar.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Stjórnandinn
23.05 Tvíburi
23.50 Dagskrárlok

Stöð 2 Golf

07.00 European Tour 2021
11.00 European Tour 2021
15.00 European Tour 2021
19.00 European Tour 2021 - Highlights
19.25 European Tour 2021

Sjónvarp Símans

06.00 Tónlist
12.30 Dr. Phil
13.08 The Late Late Show with James Corden
13.48 The Block
14.37 Survivor
15.23 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show with James Corden
19.05 The Block
20.10 A Million Little Things
21.00 FBI: Most Wanted
21.50 The Stand Spennandi þáttaröð sem byggð er á sögu eftir Stephen King. Eftir að plága hefur fellt meirihluta jarðarbúa hvíla örlög mannkynsins á herðum fámenns hóps sem lifði af. Versta martröð þeirra birtist í manni með banvænt bros og ógnvænlega krafta.
22.35 The Chi
23.25 The Late Late Show with James Corden
00.10 How to Get Away with Murder
00.55 Nurses
01.40 Good Trouble
02.25 The Bay
03.10 Tónlist

RÚV Rás eitt

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
Umsjón: Guðni Tómasson.
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.40 Kvöldsagan: Í verum, fyrra bindi
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir

Stöð 2 Bíó

11.35 Dolittle
13.20 Love at First Bark
14.45 Austin Powers in Goldmember
16.15 Dolittle
18.00 Love at First Bark
19.25 Austin Powers in Goldmember
21.00 The Kitchen
22.40 The Outpost
00.40 The Dinner
02.35 The Kitchen

Stöð 2

08.00 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 Grey's Anatomy
10.00 Logi í beinni
10.40 Hversdagsreglur
11.00 NCIS
11.40 The Office
12.05 Friends
12.35 Nágrannar
12.55 Family Law
13.35 Matargleði Evu
14.00 Skítamix
14.25 City Life to Country Life
15.10 Feðgar á ferð
15.30 Veronica Mars
16.10 The Masked Singer
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Shark Tank
19.50 The Goldbergs
20.15 The Dog House
21.10 Hamilton
21.55 The Murders
22.40 Last Week Tonight with John Oliver
23.15 The Wire
00.15 Afbrigði
00.35 Vigil
01.25 Mrs. Fletcher
01.55 The Mentalist
02.35 Grey's Anatomy
03.20 The Office
03.40 Friends

Stöð 2 Sport

08.55 Körfuboltakvöld karla 2021/2022
10.15 Seinni bylgjan - karla 21/22
11.15 Víkingur R. - Leiknir R.
13.25 Haukar - Fram
14.40 HK - Valur
15.55 Seinni bylgjan - kvenna 21/22
16.55 Vestri - Víkingur R.
18.35 Körfuboltakvöld karla 2021/2022
20.00 Körfuboltakvöld kvenna 2021/2022
21.10 Pepsi Max Stúkan - Uppgjör
23.55 Haukar - Selfoss

Stöð 2 Sport 2

07.35 Coventry - Fulham
09.15 Football League Show 2021/2022
09.40 Fréttaþáttur undankeppni HM 2022
10.10 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar 2021/2022
10.30 Fréttaþáttur Þjóðadeildar Evrópu
10.55 Casademont Zaragoza - Valencia Basket
12.30 Real Madrid - Lenovo Tenerife
14.10 Real Madrid - Sheriff
15.50 Fréttaþáttur Meistaradeildarinnar 2021/2022
16.10 Football League Show 2021/2022
16.40 Fréttaþáttur undankeppni HM 2022
17.00 Fréttaþáttur Þjóðadeildar Evrópu
17.25 Dallas Cowboys - Carolina Panthers
20.00 Lokasóknin 3. þáttur
20.35 Green Bay Packers - Pittsburgh Steelers
22.55 NFL Gameday 21/22
23.20 Fréttaþáttur undankeppni HM 2022
23.45 Fréttaþáttur Þjóðadeildar Evrópu
00.10 Lokasóknin 3. þáttur

FYRIR MÖMMU, FYRIR VINKONUR, FYRIR EIGINKONUR, SYSTUR OG DÆTUR

KAUPUM BLEIKU SLAUFUNA

á bleikaslaufan.is og á sölustöðum um allt land 1.-15. október

Rannsóknir, forvarnir, bætt meðferð og greining,
stuðningur og ráðgjöf hafa tvöfaldað lífslíkur síðustu 50 ár.
Við ætlum að ná enn meiri árangri!

Krabbameinsfélagið

KONTOR REYKJAVÍK

Lykilspurningin

Hvert fór ferðagjöfin þín?

odduraevar@frettabladid.is

Fresturinn til að nota umtalaða og jafnvel umdeilda 5.000 króna ferðagjöf stjórnvalda rann út á fimmtudaginn. Samkvæmt opinberum tölum fór mest í veitingastaði, eða 47,7 prósent gjafanna, á meðan afþreying fylgdi á eftir með 17,3 prósent. Fréttablaðið gerði stikkprufu á nokkrum gjafaþegum. ■

Þétti hryggðina

Chanel Björk Sturludóttir mannréttindaskörungur keypti sér leikhúsmiða. „Ég ætla að sjá þéttingu hryggðar í Borgarleikhúsinu.“ Hún tekur kærastann með.

Sér eftir KFC-máltíðinni

Björn Þorfinnsson, ritstjóri DV. „Ég gleymdi að nota ferðagjöfina mína og dauðsé eftir þessari ljúfu KFC-máltíð sem ég hefði getað notið.“

Hótelgisting

Guðmundur Heiðar Helgason, upplýsingafulltrúi Strætó, og eiginkona hans, Tinna Sigrún Pétursdóttir, nýttu sínar ferðagjafir í gistingu á Lake Hotel á Egilsstöðum í sumar.

Sunna í hvalnum

Stjörnufréttakonan **Sunna Karen Sigurþórsdóttir** eyddi ferðagjöfinni í hvali. „Ég fór í hvalaskoðun á Húsavík.“

Flökkukisan Púka er aftur komin á sína réttu hillu heima á Egilsstöðum

Farandkötturinn Púka flaug heim til Egilsstaða á föstudaginn eftir að hafa verið týndur í eitt og hálft ár. Hún unir sér nú vel uppi á hillu heima hjá Ingibjörgu B. Guðmundsdóttur sem veit varla hvaðan á sig stendur veðrið og prísar sig sæla að hafa ekki fyllt skarð Púku með nýjum ketti.

toti@frettabladid.is

Kveðjustundin hjá Púku og Stefáni Snæ á Reykjavíkurflugvelli á föstudaginn.
MYND/AÐSEND

„Hún er komin heim og þetta var mjög skrýtið þegar ég fékk símtal á fimmtudagskvöld og var spurð hvort ég væri eigandi Púku. Guð, já, þetta er ótrúlegt og ég hefði ekki trúað að þetta gæti gerst,“ segir Ingibjörg B. Guðmundsdóttir, eigandi kisunnar Púku sem hafði verið týnd í eitt og hálft ár þangað til hún fannst í Vesturbænum í Reykjavík á fimmtudaginn.

„Hún er svo gæf og gerði sig einhvern veginn bara strax heimankomna. Hún heldur svolítið vöku fyrir manni á nóttunni og sefur á daginn. En hún er bara mjög indæl og með mikla matarlyst.

Ég bjóst bara ekkert við að sjá hana aftur og er búin að vera að hugsa um að fá mér aðra kisu,“ segir Ingibjörg. Hissa og himinlifandi eftir að hafa endurheimt köttinn sem hvarf.

Á réttri hillu

Fréttablaðið.is greindi frá því á föstudaginn að Púka hefði fundist við Landakotskirkju kvöldið áður þegar hún gerði sig líklega til þess að elta Áshildi Haraldsdóttur flautuleikara heim. Áshildur og Stefán Snær Grétarsson, eiginmaður hennar, fundu síðan fljótt út hver eigandi Púku væri og að hún byggi á Egilsstöðum.

Stefán Snær hringdi í framhaldinu í Ingibjörgu og kom kisu síðan í flug á föstudaginn og fylgdi síðan málinu eftir með símtali síðar þann sama dag. „Púka fór með flugi til Egilsstaða klukkan 15,“ sagði Stefán Snær í samtali við Fréttablaðið.

„Við Áshildur heyrðum aðeins í henni, eigandanum sem sagt, ekki Púku, seinnipartinn og þá var hún komin heim og upp í hillu. Púku finnst gaman að fara upp á hluti,“ segir Stefán Snær sem komst að þessari tilhneigingu Púku eftir stutt kynni.

> **Málið er að ég fór til Kanarí og hún fór í pössun í Reykjanesbæ og ég hef ekkert séð hana síðan þá.**

„Hún er mjög róleg og góð og er akkúrat núna uppi á hillu. Hún fer alltaf þangað,“ staðfesti Ingibjörg.

Óleyst ráðgáta

„Nú þekki ég ekki söguna alveg,“ segir Ingibjörg og hlær. „Málið er að ég fór til Kanarí og hún fór í pössun í Reykjanesbæ og ég hef ekkert séð hana síðan þá og veit ekkert hvert hún fór. En henni líður vel og það hefur pottþétt einhver hugsað um hana því feldurinn er góður.

Þannig að kannski er einhver, sem hún er búin að vera hjá, sem saknar hennar núna. Ég veit það ekki. Ég veit ekki neitt,“ segir Ingibjörg og hlær og ef ske kynni að einhver staðgöngueigandi sakni Púku þá upplýsist hér með að hún er í góðu yfirlæti heima á Egilsstöðum. ■



Púka komin aftur í arma Ingibjargar þvert á allar væntingar.
MYND/AÐSEND

Flugklár Púka tók ferðalaginu af stakri ró enda sjálfsagt ýmsu vön eftir langa útlegð.
MYND/AÐSEND

Mjólkurbikarinn

TIL HAMINGJU BREIÐABLIK!

Mjólkin gefur styrk!

DREKKTU Í ÞIG STEMNINGUNA

DORMA
Láttu drauminn rætast

Við eigum afmæli og nú er veisla

AFMÆLIS 25% AFSLÁTTUR

LICATA tungusófi
Tungusófi í tveimur litum af Kentucy áklæði, koníaksbrúnum og steingráum og einnig í River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 265 x 165 x 82 cm.
fullt verð: 244.900 kr.
Aðeins 183.675 kr.

BOSTON VIVA heilsurúm
160x200 eða 180x200 cm. Þau koma í tveimur gráum tónum; ljósum og dökkum. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring)
160 x 200 cm
fullt verð: 279.900 kr.
AFMÆLIS 30% AFSLÁTTUR
Aðeins 195.930 kr.

AFMÆLIS 20% AFSLÁTTUR

RY skenkur
2 skúffur og 2 skápar.
Svört og hnota.
Stærð: 150 x 40 x 72 cm.
Fullt verð: 69.900 kr.
Aðeins 55.920 kr.

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda til 31. október 2021 eða á meðan birgðir endast.
www.DORMA.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS
Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.
Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Dimma hefur oftar en ekki haldið barnatónleika fyrir unga aðdáendur. Langt yfir 100 slíkir komu á tónleika þeirra á Egilsstöðum um síðustu helgi. MYND/KRISTVIN GUÐMUNDSSON

Fékk ryk í augun við að sjá andlit tónleikagesta

Stefán Jakobsson, söngvari Dimmu, boðar bombur í Eldborg á föstudag. Allt verði lagt undir fyrir áhorfendur sem fá engar afsakanir fyrir mikilli kyrrsetu. Hann fékk kökk í hálsinn þegar bandið fékk loks að rokka og róla fyrir rokkþyrsta Norðlendinga.

benediktboas@frettabladid.is

„Við hituðum upp fyrir Eldborg með tónleikum á Græna hattinum á Akureyri og Egilsstöðum um helgina. Þar spiluðum við fyrst á barnaballi þar sem yfir 130 krakkar komu og sungu með sem var ægilega gaman.

Það kom töluvert á óvart hvað margir krakkar komu en við höfum verið að gera þetta í nokkur ár. Þetta er alltaf gaman og þau taka alltaf vel eftir og eru vel að sér í rokkfræðum," segir Stefán en á Egilsstöðum var hann með sinn krakkaskara og Egill trommari var með sín börn.

„Þau voru með í öllu, bæði á tónleikunum og í undirbúningi. Svo var farið í sund á milli og barnastarf Dimmu lifði góðu lífi," segir hann léttur. „Ef við höldum svona áfram munu börnin okkar bara sjá um að spila því þau sýndu framúrskarandi færni í ýmsu. Kannski verður Dimma þannig að erfingjarnir taka bara við og halda merkjum á lofti. Það er alveg haugur af hæfileikum þarna og miklu fleiri en við."

Dimma

Stefán Jakobsson – söngur
Ingó Geirdal – gítar
Silli Geirdal – bassi
Egill Örn Rafnsson – trommur

Stefán segir að það sé ólýsanlegt að þenja raddböndin á sviði fyrirfullum sal af fólki. „Það er svo hressandi. Ég get alveg viðurkennt að það kom ryk í augun á Græna hattinum þegar við vorum búnir að taka nokkur lög og ég áttaði mig á því að þetta væri byrjað á ný. Orkan skein úr hverju andliti og við erum orðnir heitir fyrir Eldborg."

Útgáfutónleikarnir fara þar fram og platan Pögn verður spiluð í heild sinni en þeir sem hafa farið á stórtónleika Dimmu vita að þeir er ekki aðeins skemmtun fyrir eyru heldur einnig augu. „Ég held að áhorfendur séu að fara að sjá Dimmu í sínu besta formi með öllu því sem fylgir og okkur datt í hug að troða inn í tónleikana. Við eyðum öllu í þessa sýningu og góðir gestir koma í heimsókn. Ég get eiginlega lofað öllu fögru," segir Stefán.

Hann rifjar upp að síðasta stóra gigg Dimmu var eitt lag í Eurovision áður en Covid setti allt á ís. Það sé því alveg kominn léttur fiðringur fyrir að spila fyrir framan stóran hóp af fólki. „Platan er fókuseruð og þétt rokkplata. Hljóðheimurinn er öðruvísi og lagasmíðar hafa breyst. Mér finnst þessi plata hljóma alveg svakalega vel en ég er kannski ekki dómbær á það."

Breiðskífur

Dimma (2005)
Stigmata (2008)
Myrkraverk (2012)
Vélráð (2014)
Eldraunir (2017)
Þögn (2021)

Dimma hefur þá er þetta sami fílingur. Þetta er afslappaðra en venjulegt leikhús og í raun meiri samvera með fólkinu sem þú mætir með." ■

Improv Iceland hristir af sér doðann

toti@frettabladid.is

Spunaleikhópurinn Improv Iceland reis upp úr Covid-dvala í Þjóðleikhúskjallaranum í síðustu viku með sinni fyrstu áhorfendasýningu síðan í mars 2020.

„Þetta gekk bara sjúklega vel og það er náttúrlega magnað að sjá hvað fólk er þakklátt fyrir að komast bara aftur í samveru og fá að hlæja aðeins. Þetta er búið að vera svo fokking alvarlegt ár, skiljanlega," segir spunaleikkonan Steiney Skúladóttir sem er nýr listrænn stjórnandi hópsins.

„Mitt starf er að láta Improv Ísland sýna fyrsta flokks spuna," heldur Steiney áfram en hún lærði spuna í Bandaríkjunum. „Þó að ég segi sjálf frá þá erum við þrusu góð miðað við mörg lið úti í Bandaríkjunum, en ég vil að við verðum best þannig að það er markmiðið," heldur Steiney áfram.

Steiney Skúladóttir fagnar meiri náND og ferskum hlátri. MYND/AÐSEND

„Það eru allir að springa úr spennu yfir að fá að sýna fyrir framan áhorfendur aftur. Áhorfendur eru svo stór partur af spunanum því þetta er í raun samtal á milli spunaleikara og áhorfenda um í hvaða átt skal fara næst. Það sem áhorfendunum finnst skemmtilegt, það eltum við."

Ráðning Steineyjar er ekki eina breytingin hjá hópnum því þrír nýir spunaleikarar hafa bæst í hópinn; Gunnlöð Jóna Rúnarsdóttir, Bjartur Örn Bachman og Sunna Björg Gunnarsdóttir.

Improv Ísland verður með sýningar í Þjóðleikhúskjallaranum öll miðvikudagskvöld í vetur en kjallarinn hefur fengið andlitslyftingu sem listræni stjórnandinn segir henta hópnum afskaplega vel.

„Nýi Þjóðleikhúskjallarinn er ekkert smá flottur. Nú sitja áhorfendur fjórir saman við lítil borð og fyrir þá sem þekkja Comedy Cellar í New York þá er

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Auður Hünfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrimsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

WIZAR

20% AFSLÁTTUR

Verð frá
169.920 kr.
Verð áður 209.900 kr.
Gildir aðeins meðan birgðir endast.

Wizar hægindastóllinn sem Íslendingar elska.
Wizar fyrir lífsins ljúfu stundir.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG

Bakþankar

Lindu Blöndal

Leikmenn vita ekki rass í baun

Ég veit ekki til þess að nokkur leikmaður í samfélaginu viti hvað það þýðir að telja eða endurtelja atkvæði til Alþingis. Og nú ætla ég að drepa ykkur. Lesið hægt og ekki fara! „Undirbúningsnefnd kjörbréfanefndar Alþingis hefur óskað eftir minnisblaði frá skrifstofu Alþingis varðandi stöðu nefndarinnar og heimildir hennar í rannsókn á talningu og meðhöndlun kjörgagna í Norðvesturkjördæmi," segir í frétt.

Enginn skilur rass í baun. Og auðvitað segir fólkið í heita pottinum: „Fokkitt, þetta kerfi virkaði hvort eð er aldrei."

Stjórnmálasagan er þannig að kjördæmaskipting og þingmannafjöldi voru valin út frá hagsmunum fjórflokksins gamla. Áður en nýju flokkarnir sem hafa sveimað um eins og pirrandi fluga komu til sögunnar. Hinir stóru og sterku vilja ekki að flugurnar með einhverjum vitleysingum komist í nánd við Stjórnarráðið.

Geggjað lýðræði, ha? Við vitum ekkert hvað verður um þessa tíu þingmenn sem sitja í öngum sínum og hafa fórnað flestu til að komast á þing. Eru í Limbói. Fimm komust inn, og svo nei, úps!

Í fyrsta sinn efast almenningur alvarlega um framkvæmd kosninga. Þessi 80 prósent sem mættu á kjörstað.

Eftir að hafa verið í kosningaeftirliti í Tadsíkistan fyrir nokkrum árum hélt ég að við værum með allt á hreinu. Hið fullkomna lýðræði. Sennilega þarf maður alltaf að vera á verði. Eins og Spottelín kisi minn segir: Aldrei að vanmeta aðstæður: Það geta alltaf nýir kettir komið í hverfið. Stay Tuned! ■

FRÉTTAVAKTIN
Fréttaumfjöllun fyrir alla kl. 18.30 á virkum dögum

Fréttaumfjöllun fyrir alla í opinni dagskrá á virkum dögum á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT